



Brotthvarf nemenda úr framhaldsskólum: Stefna og úrræði

Ólafur Hilmarsson

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs
Uppeldis- og menntunarfræðideild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

**Brotthvarf nemenda úr framhaldsskólum:
Stefna og úrræði**

Ólafur Hilmarsson

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs í uppeldis- og
menntunarfræði

Leiðbeinendur: Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og
Kristjana Stella Blöndal

Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Febrúar 2016

Brotthvarf nemenda úr framhaldsskólum: Stefna og úrræði

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til meistaraþrófs við Uppeldis- og menntunarfræðideild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

© 2016 Ólafur Hilmarsson

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, 2016

Formáli

Brotthvarf nemenda úr framhaldsskólum: Stefna og úrræði er lokaverkefni til fullnaðar M.Ed. gráðu við námsleiðina leiðtogar, nýsköpun og stjórnun innan uppeldis- og menntunarfræðideildar Háskóla Íslands. Rannsóknin er tvíþætt, annars vegar vefsíðugreining og hins vegar viðtöl við fimm náms- og starfsráðgjafa. Vægi hennar er 30 ECTS einingar.

Ég vil þakka leiðbeinendum mínum, Ingólfi Ásgeiri Jóhannessyni og Kristjönu Stellu Blöndal, fyrir þolinmæðina og góðar ábendingar. Viðmælendur sem tóku þátt í rannsókninni fá þakkir fyrir að gefa sér tíma til að hitta mig og foreldrar mínir sömuleiðis fyrir yfirlestur og athugasemdir. Þá þakka ég elskulegri eiginkonu minni, Drífu Þrastardóttur, fyrir allan þann stuðning sem hún veitti mér og ráðgjöf. Án hennar hefði þetta ekki orðið að veruleika. Loks fá yndislegu börnin mín, Katrín Vala, Theodór Hilmar og Guðlaug Björg, þakkir fyrir að sýna þabba sínum þolinmæði og stuðning.

Ágrip

Ritgerðin fjallar um brotthvarf nemenda úr framhaldsskólum. Árið 2012 birti OECD skýrslu um samanburð á brotthvarfi í aðildarríkjum sínum. Meðal 25–34 ára einstaklinga er það að meðaltali 20% en á Íslandi um 30%. Markmið hins opinbera er að brotthvarf verði komið niður í 10% árið 2020.

Rannsóknarspurningin er: Hver er stefna íslenskra framhaldsskóla gegn brotthvarfi og hvaða úrræði eru til staðar?

Ákveðið var að styðjast við tvíþætta rannsókn. Vefsíðugreining var gerð fyrst þar sem leitað var að gögnum sem fjölluðu um brotthvarf. Þegar því var lokið tóku við hálfstöðluð viðtöl við fimm náms- og starfsráðgjafa til að fá frekari upplýsingar um viðfangsefnið sem byggðust á hugmyndum og reynslu þeirra um brotthvarf.

Þegar dregnar eru saman meginniðurstöður þessarar rannsóknar út frá rannsóknarspurningu er ljóst að talsvert er gert til að reyna að draga úr brotthvarfi þó að umfjöllun um brotthvarf sé ekki sýnileg í stefnum skólanna. Þá komu fram ýmiss úrræði á vefsíðunum og í viðtölunum. Stuttar námsbrautir eru til dæmis mikilvægar og fylgst er með mætingu nemenda. Þá skipta störf umsjónarkennara og náms- og starfsráðgjafa miklu máli. Nú er skimað fyrir áhrifapáttum brotthvarfs í öllum framhaldsskólum. Sums staðar eru allir nýnemar kallaðir í viðtal í upphafi náms til að mynda tengsl en annars staðar eftir skimun. Þannig er gripið snemma inn í skólagöngu nemenda í brotthvarfshættu.

Þó að ýmislegt sé gert er starfsumhverfi náms- og starfsráðgjafa samt ófullnægjandi. Álagið er mikið sem veldur því að það er ekki nægilegur tími til að gera betur og fjármuni vantar. Efla þyrfti náms- og starfsráðgjöf og byggja upp miðstöð náms- og starfsráðgjafar sem yrði búin sérfræðiþekkingu er varðar brotthvarf með áherslu á forvarnir. Jafnframt að ungt fólk hafi aðgang að ráðgjöf og upplýsingum um náms- og starfsmöguleika á sama staðnum.

Abstract

Student Dropout from Upper-Secondary Schools in Iceland: Policy and Resources

In 2012 OECD published a report on dropouts in its membership countries. Among people 25–34 years old dropout is 20% on average but in Iceland it is 30%. The Icelandic Government aims to reduce dropout to 10% by the year 2020.

The research question in this study is: Which policy do Icelandic Upper-Secondary schools have on dropout and what resources are available?

This study relies on two methods. First a website analysis was conducted by systematically analyzing data from the websites that discussed dropout. Secondly half-standardized interviews were conducted with five guidance counselors to get more information on the subject based on their ideas and experiences.

When summarizing the main findings of this study in relation to the research question it is clear that there are many resources available in Icelandic Upper-Secondary schools. Their policy is obviously to reduce dropout even though it is not visible in their formal vision. Shorter programs are available and attendance is monitored. Teachers and guidance counselors meet students on a regular basis and in the beginning of their study sometimes all students are called in for an interview while others are called in after a screening for at-risk students for dropout, which allows the school to intervene early in the students education and reduce the risk of dropout.

Yet the work environment for the guidance counselors is still inadequate. Although resources are not scarce the workload is heavy and not enough time to do more. Funds are also limited. There is a need to strengthen guidance counseling and build up a center which would build up an expertise knowledge on dropout with a focus on preventive measures and a place for young people to have access to advice and information on their education and work at the same time.

Efnisyfirlit

Formáli	3
Ágrip	5
Abstract	6
Efnisyfirlit	7
Töfluskrá	9
Skammstafanaskrá yfir framhaldsskólana	9
1 Inngangur	11
2 Brotthvarf.....	13
2.1 Skilgreining og umfang	13
2.2 Ástæður og afleiðingar	14
2.3 Lagaumhverfið.....	16
2.4 Úrræði	17
2.5 Samantekt	20
2.6 Rannsóknarspurning.....	22
3 Aðferðir	23
3.1 Tvíþætt rannsókn	23
3.1.1 Vefsíðugreining	24
3.1.2 Viðtöl við náms- og starfsráðgjafa	25
3.2 Siðfræðilegir þættir	26
4 Niðurstöður	27
4.1 Vefsíðugreining.....	27
4.1.1 Greint frá brotthvarfi	27
4.1.2 Úrræði gegn brotthvarfi.....	29
4.1.3 Samantekt á vefsíðugreiningu.....	33
4.2 Viðtöl við náms- og starfsráðgjafa.....	34
4.2.1 Ástæður brotthvarfs.....	35
4.2.2 Úrræði gegn brotthvarfi.....	37
4.2.3 Starfsumhverfi.....	40
4.2.4 Samantekt á viðtölum við náms- og starfsráðgjafa	41
5 Umræður.....	43

5.1	Ástæður brotthvarfs.....	43
5.2	Stefna.....	44
5.3	Úrræði.....	45
5.4	Starfsumhverfi náms- og starfsráðgjafa	48
6	Lokaorð.....	49
	Heimildaskrá.....	51
	Viðauki 1: Viðtalsrammi við þátttakendur	59
	Viðauki 2: Kynningarbréf til skólameistara.....	61

Töfluskrá

Tafla 1. Útlistun greiningarskjala.....	25
Tafla 2 Vefsíðugreining.....	27
Tafla 3 Greining viðtala.....	35

Skammstafanaskrá yfir framhaldsskólana

1.	Borgarholtsskóli	BHS
2.	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	FB
3.	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	FG
4.	Fjölbrautaskólinn við Ármúla	FÁ
5.	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	FNV
6.	Fjölbrautaskóli Snæfellinga	FSN
7.	Fjölbrautaskóli Suðurlands	FSU
8.	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	FS
9.	Fjölbrautaskóli Vesturlands Akranesi	FVA
10.	Flensborgarskólinn í Hafnarfirði	FLENSBORG
11.	Framhaldsskólinn á Húsavík	FSH
12.	Framhaldsskólinn á Laugum	FL
13.	Framhaldsskólinn í Austur Skaftafellssýslu	FAS
14.	Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	FMOS
15.	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	FÍV
16.	Iðnskólinn í Hafnarfirði	IH
17.	Kvennaskólinn í Reykjavík	KVENNÓ
18.	Menntaskóli Borgarfjarðar	MB
19.	Menntaskólinn að Laugarvatni	ML

20.	Menntaskólinn á Akureyri	MA
21.	Menntaskólinn á Egilsstöðum	ME
22.	Menntaskólinn á Ísafirði	MÍ
23.	Menntaskólinn á Tröllaskaga	MTR
24.	Menntaskólinn í Kópavogi	MK
25.	Menntaskólinn í Reykjavík	MR
26.	Menntaskólinn við Hamrahlíð	MH
27.	Menntaskólinn við Sund	MS
28.	Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins	TSA
29.	Verkmenntaskóli Austurlands	VA
30.	Verkmenntaskólinn á Akureyri	VMA
31.	Verzlunarskóli Íslands	VÍ

1 Inngangur

Brotthvarf nemenda úr framhaldsskólum: Stefna og úrræði er heiti þessarar rannsóknar. Ástæðan fyrir því að ég valdi þetta viðfangsefni er að ég er kennaramenntaður, hef starfað á framhaldsskólastigi og hef mikinn áhuga á stöðu skólakerfisins hér á landi, ekki síst í tengslum við brotthvarf nemenda. Eins og fram kemur í ritgerðinni er brotthvarf hátt hér á landi og aðilar innan skólakerfisins þurfa að sameinast, deila með sér þekkingu og hugmyndum og ganga til verka áður en vandinn festir enn frekar rætur í íslensku samfélagi.

Heilmikið hefur verið ritað um brotthvarf, hér heima og erlendis, til dæmis um ástæður, afleiðingar og úrræði. Greint verður frá þessum þáttum í ritgerðinni og sjónum beint sérstaklega að stefnu og úrræðum íslenskra stjórnvalda og íslenskra framhaldsskóla. Þannig var umræða um brotthvarf rannsökuð á vefsíðum framhaldsskólanna og í kjölfarið rætt við fimm náms- og starfsráðgjafa til að varpa skærara ljósi á hvað valdir skólar eru að gera til að sporna gegn brotthvarfi. Niðurstöðurnar eru innlegg fyrir stjórnendur í skólakerfinu og styður við hvers kyns nýsköpun og þróun skólastarfs. Þá er ekki síður mikilvægt að þeir sem eru fyrir utan skólakerfið átti sig á starfs- umhverfi þeirra sem helst sinna brotthvarfi sem endurspeglar stöðuna í skólakerfinu gagnvart einu stærsta vandamálinu sem þar lifir.

Uppbygging ritgerðarinnar er á þann veg að í næsta kafla er greint frá brotthvarfi. Til að byrja með verður fjallað um skilgreiningar á hugtakinu og umfang brotthvarfs. Þá verður sagt frá ástæðum brotthvarfs úr námi og afleiðingum. Í kjölfarið verður bent á umfjöllun um brotthvarf í lögum og aðal- námskrám framhaldsskóla. Loks verður fjallað um úrræði gegn brotthvarfi. Þessi kaflar endar á samantekt og rannsóknarspurningu höfundar. Í 3. kafla er fjallað um rannsóknina. Gerð er grein fyrir tveimur þáttum hennar, það er vefsíðugreiningu og viðtölum við fimm náms- og starfsráðgjafa. Sagt verður frá gagnaöflun á vefsíðum, vali á þátttakendum og hvernig viðtölin fóru fram. Jafnframt verður greint frá úrvinnslu beggja gagna. Að síðustu verður rætt um siðfræðilega þætti rannsóknarinnar. 4. kafla fjallar um niðurstöður rannsóknarinnar sem skiptast í tvo hluta. Í fyrsta lagi var umræða um brotthvarf á vefsíðum framhaldsskólanna könnuð og í öðru lagi voru tekin viðtöl við fimm náms- og starfsráðgjafa um brotthvarf. Í 5. kafla er fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar í samhengi við fræðilega umfjöllun og

rannsóknarspurningu. Í þeim efnum verður fjallað um flóknar ástæður brotthvarfs fyrir skólakerfið og um stefnu stjórnvalda og íslenskra framhaldsskóla. Í lokaorðum eru meginniðurstöður dregnar saman og fjallað um mikilvægi og takmarkanir rannsóknarinnar og hvað væri áhugavert að rannsaka á næstu misserum.

2 Brotthvarf

Í eftirfarandi kafla er greint frá brotthvarfi. Til að byrja með verður bent á skilgreiningu hugtaksins og umfang þess. Þá verður sagt frá ástæðum brotthvarfs úr námi og afleiðingum. Í kjölfarið verður bent á umfjöllun um brotthvarf í lögum og aðalnámskrám framhaldsskóla. Þá verður fjallað um úrræði gegn brotthvarfi í samhengi við menntastefnu stjórnvalda. Kaflinn endar svo á samantekt og rannsóknarspurningu höfundar.

2.1 Skilgreining og umfang

Það er misjafnt hvernig brotthvarfsnemendur eru skilgreindir. Í sumum rannsóknum miðast brotthvarf frá námi við nemendur sem hefja tiltekið nám en ljúka því ekki og stundum nær skilgreiningin bæði til þeirra sem fara ekki í framhaldsskóla og þeirra sem ljúka ekki námi á því skólastigi (Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2005). Hagstofa Íslands (2011) heldur utan um brotthvarfstölur á milli ára og hefur meðal annars skilgreint brotthvarf með sama hætti og OECD (e. Organisation for Economic Co-operation and Development), það er að fylgja eftir nemendum sem byrja í framhaldsskólanámi en ljúka því ekki. Til dæmis sýndu tölur Hagstofu Íslands (2004) frá skólaárinu 2002–2003 að brotthvarfið frá haustönn 2002 til haustannar 2003 var 19,3% sem þýðir að á þessum tíma hafi 4.100 nemendur ýmist hætt eða tekið sér hlé frá námi.

Þegar Ísland er borið saman við önnur OECD-ríki kemur í ljós að brotthvarf er að meðaltali um 20% meðal 25–34 ára einstaklinga. Á Íslandi er það um 30% (OECD, 2012a). Markmið hins opinbera er að brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum verði komið niður í 10% árið 2020 (Forsætisráðuneytið, 2011; 2012).

Brotthvarf er mest við upphaf náms í framhaldsskólum. Þannig hætta flestir brotthvarfsnemendur eftir stutt nám. Um 15% þeirra sem hverfa brott hafa ekki klárað eina námseiningu og meira en helmingur hættir á fyrsta ári í námi (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002). Þar að auki útskrifast fæstir úr framhaldsskóla hér á landi á réttum tíma samanborið við nágrannalöndin (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014a).

Á vorönn árið 2013 hættu 1.002 nemendur í framhaldsskóla. 117 þeirra skiptu um skóla og héldu áfram námi en 885 hættu námi. Á haustönn sama

ár hættu 1.060 nemendur. 170 þeirra héldu áfram í öðrum skólum á meðan 890 manns gerðu það ekki. Samtals hættu því 1.775 ungmenni í skóla á árinu 2013 (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014b). Þá hættu 790 nemendur á haustönn 2014 en 117 þeirra fóru í aðra skóla. Eftir stóðu 673 nemendur sem dattu út úr skólakerfinu þá önnina, að minnsta kosti tíma-bundið (Námsmatsstofnun, 2015).

2.2 Ástæður og afleiðingar

Skýringin á brotthvarfi nemenda er ekki einföld og ástæðurnar margvíslegar. Brotthvarf er í raun ekki einstakur atburður heldur ferli sem getur haft rætur sínar að rekja til margvíslegra ástæðna langt aftur í tíma. Einstaklingar hafa þannig orðið fyrir áhrifum á lífsleiðinni sem getur haft afleiðingar á framvindu náms sem endar með brotthvarfi úr námi (Alexander, Entwisle og Horsey, 1997; De Witte og Cabus, 2013; Rumberger, 2011). Hitt er svo annað mál að að sumir nemendur sem hafa átt í vandræðum í námi ná þó að ljúka því og útskrifast (Englund, Egeland og Collins, 2008) á meðan aðrir nemendur sem hafa átt farsælan námsferil hverfa á brott (Janosz, Le Blanc, Boulerice og Tremblay, 2000).

Rumberger og Lim (2008) bentu einnig á að brotthvarf sé ferli og flokkuðu ýmsa forspárþætti brotthvarfs í einstaklingsbundna og félagslega þætti. Mjög mikilvægt sé að horfa til frammistöðu nemenda í námi á fyrri skólastigum sem geti skipt sköpum um gott gengi í framhaldsskóla. Það hafi mikil áhrif á hvort nemendur nái að útskrifast eða hverfi brott. Í þessum efnum er mikilvægt að nemendur skuldbindi sig náminu og taki þátt, það er að mæta í kennslustundir og vera undirbúnir. Þeir sem ekki skuldbindast náminu, eru mikið fjarverandi og þeir sem hegða sér illa eru líklegri til brotthvarfs úr skóla.

Aðrir þættir geta aukið líkur á brotthvarfi, svo sem áfengis- og vímuefnanotkun, barneignir, atvinnutækifæri, samsetning nemendahópsins í skólunum og áhrif vina ef þeir hafa horfið á brott úr námi eða stundað glæpi. (Rumberger og Lim, 2008).

Rumberger og Lim (2008) fjölluðu einnig um að þau ungmenni sem búi í stöðugu umhverfi og hjá báðum foreldrum sem fylgjast með, tala um námið við börnin sín og aðstoða við heimalærdóm hverfi síður á brott. Ef horft er nánar til uppeldisaðferða foreldra gerðu Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal (2005) langtímarannsókn á brotthvarfi reykvísra ungmenna úr framhaldsskólum. Sigrún og Kristjana Stella rannsókuðu hvernig uppeldisaðferðir foreldra við 14 ára aldur ungmenna tengdust því hvort þau hefðu lokið námi í framhaldsskóla 22 ára gömul. Viðurkenning,

stuðningur og hegðunarstjórn voru þeir þættir í uppeldi sem voru teknir til skoðunar. Þá var tekið tillit til námsárangurs krakkanna á samræmdu prófi í íslensku í síðasta bekk grunnskóla, félags- og efnahagslegrar stöðu foreldranna og hvort um var að ræða drengi eða stúlkur. Niðurstöður rannsóknarinnar bentu til þess að uppeldisaðferðir við 14 ára aldur tengist brotthvarfi ungmennanna frá námi. Því meiri viðurkenningu og stuðning sem börnin fengu frá foreldrunum því meiri líkur voru á brautskráningu þeirra úr framhaldsskóla við 22 ára aldur.

Ef horft er til íslenska skólakerfisins og brotthvarfs bentu Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Anne-Christin Tannhäuser (2011) á að stúdentspróf hefur tekið fjögur ár en ekki þrjú ár líkt og í flestum nágrannalöndum okkar og að nemendur gætu verið í og úr námi eins og þeim hentar sem gæti valdið því að þeir dragi lappirnar í námi sínu. Einnig kom fram hjá þeim að nemendum standi ýmiss atvinnutækifæri til boða þrátt fyrir litla menntun sem gæti ýtt undir að þeir hætti í námi. Þá sé áhersla lögð á bóklegt nám hér á landi sem gæti haft þau áhrif að nemendur fylgi straumnum í stað þess að velja sér nám við hæfi.

Í þessu sambandi er mikilvægt að nemendur ígrundi námsval sitt gaumgæfilega og velji nám með tilliti til áhugasviðs. Því óvissari sem nemendur eru um námsval sitt í framhaldsskóla því líklegri er neikvæð hegðun þeirra í námi. Þeir finna ekki samleið með skólanum, eru metnaðarlausir og með óljósa framtíðarsýn (Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Sif Ægisdóttir, 2013).

Ljóst þykir að margir þættir geta valdið brotthvarfi og oft er fleiri en ein ástæða að baki. Þegar nemendur, hér sem og erlendis, hafa verið spurðir út í ástæður brotthvarfs þeirra kemur margt í ljós. Meðal annars námsleiði, þeim hafi mislíkað skólavistin, fall á mætingu, brot á skólareglum, erfiðleikar í námi, vinir hafi haft áhrif, barneignir, vinnumarkaðurinn hafi kallað vegna peningavandræða þeirra auk andlegra eða líkamlegra veikinda (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002; Mennta- og menningar- málaráðuneytið, 2014b; Námsmatsstofnun, 2015; Rumberger, 2011).

Ef litið er til þeirra sem þegar hafa hætt í framhaldsskóla rannsökuðu Hrefna Pálsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Birna Baldursdóttir og Jón Sigfússon (2010) félagslega stöðu slíkra ungmenna hér á landi, á aldrinum 16–20 ára. Rannsóknin var gerð á árinu 2009 en byggð á sambærilegri rannsókn árið 2001. Til að byrja með kom fram að ungmenni á framhaldsskólaaldri sem ekki stunduðu nám áttu í verri félagslegum tengslum miðað við jafnaldra þeirra sem voru í námi, það er við vini, stofnanir samfélagsins og síðast en ekki síst foreldra sína. Tengslin voru veikari og ungmennin upplifðu skort á stuðningi, umhyggju og hlýju frá

þeim. Þá fylgdust foreldrarnir líka síður með því hvar og með hverjum þau væru.

Rannsókn Hrefnu Pálsdóttur og félaga (2010) leiddi einnig í ljós að þau ungmenni sem ekki stunduðu nám stríddu oftast við andlega og líkamlega vanlíðan. Þau voru einmana, áttu erfitt með að eignast vini og upplifðu sig misheppnuð. Þá voru þau líklegri en jafnaldrar þeirra í námi til þess að drekka oftast áfengi, reykja eða neyta annarra fíkniefna og að hafa farið í meðferð vegna slíkrar neyslu. Sömu sögu sagði Rumberger (2011) sem benti á að einstaklingar sem höfðu stundað nám búi við betri heilsu. Skýringuna á því megi til dæmis rekja til aukinnar vitundar þess um heilbrigðari lífsstíl en auk þess á sá hópur auðveldara með að leita til heilbrigðisstofnana vegna hærri innkomu.

2.3 Lagaumhverfið

Ungmenni á Íslandi eru að jafnaði í tíu ár í grunnskóla (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Þeir sem hafa lokið því námi, hafa hlotið jafngilda undirstöðumenntun eða hafa náð 16 ára aldri eiga lögbundinn rétt á að hefja nám í framhaldsskóla og stunda slíkt nám til 18 ára aldurs (Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008). Í framhaldsskólunum er hægt að stunda almennt nám, listnám, bóknám og starfsnám enda hafa skólarnir umboð til að byggja upp eigin námskrá sem tekur mið af sérstöðu hvers og eins skóla, þörfum nemenda, nærsamfélags og atvinnulífi. Leiðirnar eiga að mæta kröfum atvinnulífs og næsta skólastigs um leið og þær eiga að veita nemendum alhliða almenna menntun (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Í fyrstu heildarlöggjöf um framhaldsskóla kom fram sú stefnumörkun að framhaldsskólinn ætti að vera fyrir alla (Lög um framhaldsskóla, 1988). Í síðari lögum voru gerðar skýrari kröfur um inntökuskilyrði á einstakar námsbrautir framhaldsskólanna. Jafnframt var einstökum framhaldsskólum falið það verkefni að þróa eins til tveggja ára almennar námsbrautir fyrir þá sem ekki uppfylltu inntökuskilyrði á einstakar námsbrautir (Lög um framhaldsskóla, 1996). Þá voru innleiddir árangursstjórnunarsamningar við einstaka framhaldsskóla þar sem fjárhagsuppgjör við skólana byggðu á því hversu vel þeim gekk að skila nemendum til prófa í lok annar. Tilgangur þessa var að leitast við að draga úr brotthvarfi í skólakerfinu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010).

Í frumvarpi til nágildandi laga um framhaldsskóla (Þingskjal nr. 320/2007–2008) er fjallað um brotthvarf. Þannig skuli skipulag skólastarfs miðast við kröfur og væntingar nemenda, námsleiðum verði fjölgað og

skilyrði sköpuð fyrir fleiri til að ljúka skilgreindu námi og þar með draga úr brotthvarfi. Þar kemur einnig fram að mikilvægi náms- og starfsráðgjafar hafi aukist á undanförunum árum og að góð ráðgjöf á þessu sviði geti styrkt nemendur í vel ígrunduðu námsvali, unnið gegn brotthvarfi og aðstoðað nemendur sem áður hafa horfið frá námi svo þeir finni sér betri farveg. Þannig sé brýnt að náms- og starfsráðgjöf í skólakerfinu verði eflað enn frekar enda feli aukið námsframboð og markmið um minna brotthvarf í sér þörf fyrir aukna þjónustu á þessu sviði.

Núgildandi lög (nr. 92/2008) um framhaldsskóla frá árinu 2008 sem og eldri lög um framhaldsskóla fjalla ekki sérstaklega um brotthvarf úr námi með sama hætti og gert er í áður nefndu frumvarpi. Núgildandi aðalnámskrá (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) framhaldsskóla sem kom út árið 2011 og í annarri útgáfu árið 2015 gerir það ekki heldur. Í lögnum og aðalnámskránni kemur þó fram að hlutverk framhaldsskólans sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða öllum nemendum nám við hæfi. Í þeirri umræðu er meðal annars rætt um að efla siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, frumkvæði, sjálfstraust og gagnrýna hugsun. Þá á skólinn að þjálfa nemendur í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum. Í eldri aðalnámskrá framhaldsskólanna kemur hins vegar fram að skólar skuli leitast við að draga úr brotthvarfi með skýrum námskröfum, fjölbreyttu námsframboði, upplýsingamiðlun, ráðgjöf, góðri leiðsögn og samstarfi við forráðamenn eins og kostur er (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2004).

2.4 Úrræði

Á löggjafarþingi árin 2008–2009 var gefin út *Skýrsla nefndar um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum sem úrræðis gegn brottfalli nemenda að frumkvæði Alþingis*. Árið 2010 kom svo út skýrsla mennta- og menningarmálaráðuneytisins *Mótun stefnu um nám alla ævi. Þróun menntastefnu á Íslandi í evrópsku samhengi*. Árin 2011 og 2012 gaf forsætisráðuneytið út skýrslurnar *Ísland 2020 - sókn fyrir atvinnulíf og samfélag. Þekking, sjálfbærni, velferð og Allir stundi nám og vinnu við sitt hæfi. Tillögur um samþættingu menntunar og atvinnu*. Þá kom einnig út á árinu 2012 skýrslan *Towards a strategy to prevent dropout in Iceland, Preventing dropout in upper secondary schools in Iceland* á vegum OECD. Árið 2014 gaf mennta- og menningarmálaráðuneytið út skýrsluna *Hvítbók um umbætur í menntun* og á árinu 2015 gaf Hagfræðistofnun Háskóla Íslands út skýrsluna *Efnahagsleg áhrif af styttingu framhaldsnáms* og á því ári kom einnig út skýrslan *Grunnur að stefnu um náms- og starfsráðgjöf á*

Íslandi á vegum starfshóps mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Í öllum þessum skýrslum hefur brotthvarf meðal annars verið til umfjöllunar í tengslum við þróun menntamála hér á landi. Ýmiss úrræði eru nefnd til að sporna gegn brotthvarfi nemenda.

Í skýrslu OECD (2012b) var meðal annars fjallað um að kanna þurfi skipulag og uppbyggingu náms í íslenskum framhaldsskólum og hve skilvirkt og eftirsóknarvert það í raun sé. Í þessum efnum sagði skýrsla forsætisráðuneytisins (2012) að menntastefnan hérlendis þurfi að vera skilvirkari svo markmið stjórnvalda um 10% brotthvarf árið 2020 verði að veruleika. Jafnframt að fjárveitingar til framhaldsskóla séu með þeim hætti að þær hvetji skóla til að sinna nemendum sem eru í brotthvarfshættu. Þá þurfi að auka samfellu í námi milli skólastiga, það er í efstu bekkjum grunnskóla og framhaldsskóla, og tryggja samráð þeirra á milli svo hagsmunir nemenda séu í fyrirrúmi. Í þessum efnum fjallaði Gerður G. Óskarsdóttir (2012) um skil milli grunnskóla og framhaldsskóla sem þurfi að bæta til að auka samfellu. Þannig breytist umhverfi nemenda, til dæmis sé minna um samvinnuverkefni á fyrsta ári í framhaldsskóla en í 10. bekk grunnskóla. Þess í stað sé lögð áhersla á áhorf nemenda í kennslustundum í framhaldsskólum.

Skýrslur forsætisráðuneytisins (2012) og OECD (2012b) greindu einnig frá því að mikilvægt sé að auka námsframboð og tengja það í meiri mæli við atvinnulíf með starfsþjálfun. Jafnframt þurfi að auka fjölbreytni kennsluaðferða og nútímavæða framsetningu námsefnis til að mæta ólíkum þörfum og væntingum nemenda og viðhalda áhuga þeirra. Fyrirnefnd skýrsla sagði jafnframt að allir nemendur eigi að minnsta kosti að ljúka framhaldsskóla-prófi.

Í skýrslu forsætisráðuneytisins (2012) var fjallað um að nýta þurfi náms-tímamann betur og stytta nám til stúdentsprófs um eitt ár. Í skýrslu mennta- og menningarmálaráðuneytisins (2014c) var sagt frá markmiði stjórnvalda að 60% nemenda ljúki námi úr framhaldsskóla á tilsettum tíma, úr 44% nú. Því markmiði verði meðal annars náð með því að nám til stúdentsprófs miðist við þriggja ára námstíma. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2015) benti á að þessi breyting skapi mögulega meiri hvatningu hjá nemendum, þeir haldi sér betur að verki og klári námið. Jafnframt gæti styttingin skilað talsverðum þjóðhagslegum ávinningi og aukið landsframleiðslu.

Í skýrslu mennta- og menningarmálaráðuneytisins (2010) var fjallað um að bregðast þurfi við ólíkum nemendahópum og að hugsanlega sé þörf á að beita mörgum aðferðum í einu til að ná árangri. Lykilatriðið sé að finna nemendur í brotthvarfshættu snemma á skólagöngunni og grípa til viðeig-

andi ráðstafana. Í því sambandi kom fram að greina þurfi vandann fyrir, jafnvel í leikskólum, með skimunaraðferðum í þeim tilgangi að greina þarfir nemenda og hvaða færni og styrkleika þeir búi yfir. Þá greindi skýrsla forsætisráðuneytisins (2012) frá því að það þurfi að skima fyrir brotthvarfi í grunnskóla. Í fyrrnefndu markmiði mennta- og menningarmálaráðuneytisins (2014c) að 60% nemenda ljúki námi úr framhaldsskóla á tilsettum tíma, úr 44% nú, kom einnig fram að markmiðinu verði náð með því að draga úr brotthvarfi. Þegar væri hafin skráning á ástæðum brotthvarfs í öllum framhaldsskólum og í þremur þeirra væri í tilraunaskyni skimað fyrir nemendum í brotthvarfshættu. Lagður sé spurningalisti fyrir nýnema í því skyni að finna nemendur í brotthvarfshættu, veita þeim viðeigandi stuðning og auka þannig líkurnar á að þeir haldi áfram í námi. Skimun verði svo þróuð frekar og fari fram í öllum framhaldsskólum og efstu bekkjum grunnskóla. Hjá Námsmatsstofnun (2015) kom fram að á haustönn 2014 hafi verið skimað fyrir brotthvarfi í 18 framhaldsskólum landsins. Þá greindi Krístrún Birgisdóttir (munnleg heimild, 5. janúar 2016) frá því að skimun hafi byrjað í öllum framhaldsskólum á haustönn 2015.

Skýrsla mennta- og menningarmálaráðuneytisins (2010) greindi frá því að náms- og starfsráðgjafar spili stórt hlutverk þegar veita á nemendum stuðning. Í þessu samhengi kom fram í reglugerð um starfslið og skipulag framhaldsskóla (nr. 1100/2007) að náms- og starfsráðgjafi sinni margvíslegu hlutverki. Hann sjái til dæmis um náms- og starfsfræðslu og veiti nemendum aðstoð sem eiga í námserfiðleikum. Þá stuðli hann að betri líðan nemenda. Loks hjálpar hann nemendum í persónulegum málum sem snerta nám þeirra og skólann og metur hvort unnt sé að leysa úr málum sem upp koma innan skólans eða hvort leita þurfi eftir sérhæfðari meðferð hjá viðeigandi sérfræðingum eða stofnunum.

Í skýrslu nefndar Alþingis (Ágústa E. Ingþórsdóttir, Guðbjörg Vilhjálmsdóttir og Sigríður Bílddal, 2008–2009) var greint frá því að náms- og starfsráðgjöf stuðli að farsæld í náms- og starfsvali ungmenna og geti fyrirbyggt að nemendur hverfi brott úr framhaldsskóla. Í þessu samhengi bentu Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Sif Ægisdóttir (2013) á að þeir nemendur sem fá slíka fræðslu verði upplýstari og því vissari í sinni sök um sitt námsval. Þeir afli sér frekar upplýsinga um hvort tveggja og hafa betri þekkingu á líklegu framtíðarstarfi. Þá kom fram hjá starfshópi mennta- og menningarmálaráðuneytisins (Arnar Þorsteinsson o.fl., 2015) að með því að bæta náms- og starfsráðgjöf verði hægt að auka tækifæri einstaklinga til virkrar þátttöku í samfélaginu þar sem fundinn er farvegur fyrir hæfileika og styrkleika þeirra.

Í skýrslu forsætisráðuneytisins (2012) kom fram að byggð verði upp miðstöð náms- og starfsráðgjafar sem verði búin sérfræðiþekkingu um brott-hvarf með áherslu á forvarnir. Þannig hafi miðstöðin það hlutverk að safna upplýsingum um brott-hvarf og þróa aðferðir til að draga úr því. Jafnframt að ungt fólk hafi aðgang að ráðgjöf og upplýsingum um náms- og starfs-möguleika á sama staðnum. Í miðstöðinni verði ráðgjafar tengdir við skóla-kerfi, sveitarfélög og atvinnulíf. Í starfshópi mennta- og menningarmála-ráðuneytisins (Arnar Þorsteinsson o.fl., 2015) bar miðstöð náms- og starfsráðgjafar einnig á góma sem komið verði á fót. Lögð verði áhersla á vef- og upplýsingatækni til miðlunar upplýsinga, bæði til notenda og veitenda þjónustu. Þannig skapist jafnframt aukin tækifæri til frumkvöðlastarfs og nýsköpunar á sviði náms- og starfsráðgjafar. Þá benti starfs-hópurinn einnig á að með skipulögðum hætti væri hægt að styrkja framtíðarsýn nemenda og sjálfsmynd þeirra með námsefni á sviði náms- og starfsfræðslu. Slíkt verði einnig liður í því að draga úr brott-hvarfi.

Loks er brott-hvarf nemenda úr námi ekki einungis áskorun á Íslandi. Víða erlendis hafa verið sett fram markmið gegn brott-hvarfi. Meðal annars hefur verið bent á gildi góðrar menntunar þar sem hver einstaklingur fái að njóta sín, til að mynda á sérsniðnum námsbrautum. Tryggja þurfi samstarf og samfellu skólastiga, auka þátttöku nemenda og foreldra í skólakerfinu, bjóða upp á starfsþjálfun og samstarf við vinnumarkaðinn auk skimunar fyrir brott-hvarfi í skólakerfinu. Þá sé mikilvægt að greina ástæður brott-hvarfs svo auðveldara sé að nálgast þá sem eru í mestum vanda og fylgjast vel með hvort nemendur telji sig vera hluti af skólanum sínum. Einnig sé ráð að bjóða nemendum viðbótarstuðning eftir að skóla lýkur á daginn eða um helgar og að nemendahópar verði minni (De Witte og Cabus, 2013; Dynarski, Clarke, Cobb, Finn, Rumberger og Smink, 2008; European Commission, 2013).

2.5 Samantekt

Árið 2012 birti OECD skýrslu þar sem gerður er samanburður á brott-hvarfi úr framhaldsskólum í aðildarríkjum sínum sem eru 34 talsins. Þar kemur í ljós að brott-hvarf er um 30% á meðal 25–34 ára einstaklinga samanborið við 20% (að meðaltali) annarra OECD ríkja. Með því að bera sig saman við nágrannalöndin kemur í ljós að fæstir útskrifast úr framhaldsskóla hér á landi á réttum tíma. Markmið hins opinbera er að brott-hvarf úr íslenskum framhaldsskólum verði komið niður í 10% árið 2020.

Mestur er vandinn við upphaf náms, það er þeir nemendur sem hætta námi gera það flestir eftir stutt nám. Um 15% þeirra sem hverfa brott hafa

ekki klárað eina námseiningu og meira en helmingur hættir á fyrsta ári í námi.

Árið 2013 hurfu um 1.800 nemendur frá námi, um 900 á hvorri önn og á haustönn 2014 voru það tæplega 700 nemendur.

Skýringin á brotthvarfi nemenda er ekki einföld og ástæðurnar margvíslegar enda áhrifaþættirnir margir, einstaklingsbundnir og félagslegir, sem geta haft áhrif á frammistöðu nemenda í námi. Þeir nemendur sem taka ekki þátt í skólastarfinu og eru mikið fjarverandi eru líklegri til brotthvarfs. Ljóst er að frammistaða nemenda á fyrra skólastigi skiptir máli um árangur í framhaldsskóla.

Þá getur áfengis- og vímuefnanotkun haft áhrif og barneignir geta valdið því að nemendur hverfa á brott. Vinir sem sjálfir hafa dottið úr skóla geta aukið líkur á brotthvarfi og atvinnutækifæri geta heillað nemendur.

Mikilvægt er að ungmenni búi við stöðugt umhverfi heima fyrir meðal foreldra sem fylgjast með námi barna sinna og taka þátt. Því meiri sem stuðningur foreldra er því meiri líkur eru á brautskráningu ungmenna úr framhaldsskóla.

Það sem íslenska skólakerfinu gæti verið að vanbúnaði er að námstími til stúdentsprófs hefur verið of langur og nemendur hafa getað hætt og byrjað aftur eins og þeim hentar. Þá er lögð áhersla á bóknám í framhaldsskólum. Í því sambandi er til að mynda mikilvægt að nemendur velji nám með tilliti til áhugasviðs. Annars sé hætta á að nemendur finni ekki samleið með skólunum. Þá togar vinnumarkaðurinn í nemendur.

Þegar nemendur eru sjálfir spurðir út í ástæður brotthvarfs úr námi eru svörin af ýmsum toga enda áhrifaþættirnir margir. Til dæmis sé það leiði á námi og skólavist, áhrif frá vinum, atvinnutækifæri eða veikindi. Hver sem ástæðan er þykir ljóst að afleiðingarnar eru slæmar. Andleg og líkamleg vanlíðan eykst, félagsleg tengsl versna, sjálfstraustið minnkar og áfengis- eða fíkniefnaneysla getur aukist.

Í nógildandi aðalnámskrá og lögum um framhaldsskóla er ekki greint frá brotthvarfi. Í aðalnámskránni kemur þó fram að hlutverk framhaldsskólans sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða öllum nemendum nám við hæfi. Í frumvarpi til laganna er aftur á móti fjallað um brotthvarf með þeim hætti að skipulag skólastarfs skuli miðast við kröfur og væntingar nemenda, námsleiðum verði fjölgað og skilyrði sköpuð fyrir fleiri til að ljúka skilgreindu námi. Einnig kemur þar fram að mikilvægt sé að efla náms- og starfsráðgjöf í

skólakerfinu enda feli aukið námsframboð og markmið um minna brotthvarf í sér þörf fyrir aukna þjónustu á þessu sviði.

Í stefnumörkun stjórnvalda um þróun menntamála hefur brotthvarf verið til umfjöllunar. Í þeim efnum sé þörf á að kanna skipulag og uppbyggingu náms í íslenskum framhaldsskólum og hve skilvirkt og eftir-sóknarvert það í raun er. Þá þurfi að tengja skólastigin betur saman og tryggja samráð þeirra með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Til þess að mæta ólíkum nemendahópum þurfi að auka námsframboð og tengja það við atvinnulíf, kennsluáðferðir verði fjölbreyttari og námsefni nútímavæddara. Einnig er rætt um að stytta nám til stúdentsprófs um eitt ár og nýta námstímann betur. Nemendur fái þannig meiri hvatningu til þess að halda sér að verki og klára námið.

Rætt er um í stefnumörkun stjórnvalda að bregðast þurfi skjótt við í upphafi skólagöngu nemenda í framhaldsskólum. Nú sé skimað fyrir áhættuþáttum brotthvarfs meðal allra nemenda í öllum framhaldsskólunum en hún verði svo þróuð frekar og fari einnig fram efstu bekkjum grunnskóla.

Þá er fjallað um mikilvægi náms- og starfsráðgjafar hjá hinu opinbera sem þurfi að vera skilvirkari og aðgengilegri. Þannig verði hægt að auka tækifæri einstaklinga til virkrar þátttöku í samfélaginu. Nemendur sem fái slíka fræðslu verði upplýstari og ákveðnari um sitt námsval. Þeir hafi einnig meiri vitund um hugsanlegt framtíðarstarf. Í þessu samhengi skuli byggja upp miðstöð náms- og starfsráðgjafar með sérfræðingum um brotthvarf. Þar verði ráðgjöf og upplýsingar um náms- og starfsmöguleika á sama staðnum.

2.6 Rannsóknarspurning

Rannsóknarspurning mín í þessari ritgerð er tvíþætt: Hver er stefna íslenskra framhaldsskóla gegn brotthvarfi og hvaða úrræði eru til staðar? Með þetta að leiðarljósi var ákveðið að styðjast við tvíþætta rannsókn, annars vegar vefsíðugreiningu og hins vegar viðtöl við fimm náms- og starfsráðgjafa í jafnmörgum framhaldsskólum. Nánar er fjallað um rannsóknina í næsta kafla.

3 Aðferðir

Í eftirfarandi kafla er fjallað um rannsóknina. Gerð er grein fyrir tveimur þáttum hennar, það er vefsíðugreiningu og viðtölum við fimm náms- og starfsráðgjafa. Sagt verður frá gagnaöflun á vefsíðum, vali á þátttakendum og hvernig viðtölin fóru fram. Þá verður jafnframt greint frá úrvinnslu beggja gagna. Einnig verður rætt um siðfræðilega þætti rannsóknarinnar.

3.1 Tvíþætt rannsókn

Ákveðið var að styðjast við tvíþætta rannsókn, annars vegar vefsíðugreiningu og hins vegar viðtöl við fimm náms- og starfsráðgjafa. Vefsíðugreiningin var gerð fyrst þar sem leitað var að gögnum sem fjölluðu um brotthvarf á einn eða annan hátt, sjá nánar í kafla 3.1.1. Þegar því var lokið tók ég viðtölin til að fá frekari upplýsingar um viðfangsefnið sem byggðust á hugmyndum og reynslu viðmælanda um brotthvarf. Tilgangurinn var að varpa frekara ljósi á úrræði gegn brotthvarfi og ástæður þess og á starfsumhverfi náms- og starfsráðgjafa, sjá nánar í kafla 3.1.2.

Við úrvinnslu beggja gagna var notast við kóðunaraðferð grundaðrar kenningar (e. grounded theory) sem er fólgin í skipulögðum vinnubrögðum við gagnagreiningu þar sem rannsakandi greinir gögnin allt frá upphafi gagnaöflunarinnar þar til henni er lokið. Charmaz (2006) segir frá ýmsum kóðunarmöguleikum og í þessari rannsókn var stuðst við opna kóðun (e. initial coding) og markvissa kóðun (e. focused coding). Opin kóðun fólst í því að ég las gögnin vel og vandlega í leit að þemum og þegar því var lokið hófst markvissari kóðun þar sem leitað var í gögnunum að atriðum sem tengdust viðkomandi þemum. Við það taldi ég mig fá þónokkra heildarsýn yfir gögnin og ég gat ákveðið hvaða þemu skiptu helst máli fyrir rannsóknina.

Við fyrsta stig kóðunar beggja gagna var leitað að sameiginlegum þemum, annars vegar í öllum skjölum sem höfðu verið valin af vefsíðunum og hins vegar í viðtölunum. Leitin var svo þrengd á seinna stigi kóðunar. Eftir stóðu tvö meginþemu í vefsíðugreiningu og þrjú í viðtölum. Þessi þemu eru nánar útlustuð í 4. kafla þar sem niðurstöður rannsóknarinnar eru kynntar.

Vefsíðugreiningin var unnin á alllögum tíma og höfðu frumniðurstöður hennar áhrif á spurningarnar í viðtalsrammanum. Vefsíðugreiningin var síðan yfirfarin eftir að unnið var úr viðtölunum. Þannig voru gögnin marglesin.

3.1.1 Vefsíðugreining

Þegar rannsóknin var gerð voru 34 framhaldsskólar á landinu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, e.d.) en þýðið miðast við 31 skóla vegna sérstöðu hinna þriggja (Fisktækniskóli Íslands, Handverks- og hússtjórnarskólinn á Hallormsstað og Hússtjórnarskóli Reykjavíkur). Skólarnir í þessum hluta rannsóknarinnar eru ýmist menntaskólar, fjölbrautaskólar og verknámsskólar. Notast er við skammstafanir fyrir þessa skóla en listi yfir þær er í upphafi ritgerðarinnar.

Vefsíður skólanna reyndust ólíkar að upplagi og gæðin mismikil. Sumar voru vel úr garði gerðar þar sem öflun gagna var auðveld á meðan aðrar voru óskipulagðar og erfiðara að finna efni á þeim. Leitað var í svokölluðum leitarglugga á þessum tilteknu vefsíðum með orðunum brotthvarf og brottfall. Einnig var ítarleg leit Google notuð með sömu orðum og hver einstök leit miðuð við hverja vefsíðu. Í ljós kom að ýmislegt fannst með hjálp Google sem viðkomandi leitargluggi fann ekki.

Gagnaöflunin var fólgin í að finna umfjöllun um viðfangsefnið í veftrjám vefsíðnanna þar sem mismikið efni fannst, í fréttum eða fréttabréfum, tilkynningum og loks í ólíkum stefnum eða sýn skólanna. Einnig var leitað í sjálfsmatsskýrslum, ársskýrslum og ytri úttektum unnum fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið sem voru yfirleitt í pdf-formi á síðunum. Ekki var farið í eldri gögn á síðunum en til skólaársins 2010 – 2011 enda höfðu flestar síðurnar ekki að geyma eldra efni en það.

Allar vefsíðurnar höfðu að geyma umfjöllun um brotthvarf eða brottfall, mismikla þó. Alls voru þetta 114 skjöl og 334 blaðsíður á 31 vefsíðu. Allt efnið var prentað út og lesið yfir í undirbúningi fyrir úrvinnslu gagnanna. Við greininguna fann ég þó að mikið var um endurtekningar innan skýrslna og greina innan hvers skóla og á milli ára. Kom í ljós að í þremur tegundum skjala var best gert grein fyrir brotthvarfi nemenda, það er í sjálfsmatsskýrslum, ársskýrslum og ytri úttektum sem fyrirtækin Gát og Attentus gerðu fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Ekki voru allir skólar með þessar skýrslur á vefsíðum sínum og í sumum var ekkert um brotthvarf. Yfirlit þeirra skjala sem horft var til er sýnt í töflu 1. Nýjustu skýrslunar voru aðeins notaðar fyrir hvern skóla, það er ein skýrsla af hverri gerð. Ársskýrslurnar og sjálfsmatsskýrslurnar voru allar frá árinu 2013 eða 2014 en ytri úttektirnar voru frá árinu 2011 til ársins 2014. Fyrir utan þessar þrjár tegundir skýrslna var stuðst við þrjú önnur skjöl sem skipta máli fyrir rannsóknina. Alls voru þetta 65 skjöl og 73 blaðsíður.

Tafla 1. Útlistun greiningarskjala

Flokkar	Fjöldi	Skólar
Sjálfsmatsskýrslur	23	FG, FNV, FSN, FS, FLENSBORG, FSH, FL, FAS, FMOS, FÍV, IH, KVENNÓ, MA, MÍ, MTR, MK, MR, MH, MS, TRA, VA, VMA, VÍ
Ársskýrslur	28	BHS, FB, FÁ, FNV, FSN, FSU, FS, FVA, FLENSBORG, FSH, FL, FAS, FMOS, FIV, KVENNÓ, MB, ML, ME, MÍ, MTR, MK, MR, MH, MS, TSA, VA, VMA, VÍ
Ytri úttektir fyrir mennta- og menningamálaráðuneytið	11	BHS, FG, FÁ, FNV, FVA, KVENNÓ, MB, ML, MTR, MK, MH
Annað	3	BHS, ME, VMA
Alls:	65 skjöl	31 vefsíða

3.1.2 Viðtöl við náms- og starfsráðgjafa

Tekin voru viðtöl við fimm náms- og starfsráðgjafa í fimm framhaldsskólum með áfangakerfi. Flestir skólarnir notast við það kerfi og þar er meirihluti nemenda. Á haustönn 2015 voru um 18 þúsund nemendur í framhaldsskólum með áfangakerfi af rúmlega 23 þúsund skráðum nemendum. Þar að auki voru flestir á bóknámsbrautum, um 17 þúsund manns (Þingskjal nr. 429/2015–2016). Af þessum sökum var ákveðið að einblína á skóla með áfangakerfi enda gæti reynt torvelt að draga ályktanir með blandaðri rannsókn milli bekkjarkerfis og áfangakerfis.

Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð í rannsókn er fólgin í beinum orðaskiptum rannsakanda og viðmælanda. Þannig eru viðtöl félagsleg athöfn þar sem samskiptin milli aðila endurspeglar margvíslegt samspil hugsana, hegðunar og tilfinninga (Helga Jónsdóttir, 2003). Viðtölin voru hálfstöðluð þar sem gengið var eftir vissum hugmyndum (sjá viðtalsramma í viðauka 1)

svo viðmælendur áttuðu sig á stöðu mála en fengu þó svigrúm til að tjá sig opinskátt um viðfangsefnið (Esterberg, 2002).

Þegar rýnt er í talnaefni á vef Hagstofunnar um kyn starfsfólks í framhaldsskólum kemur í ljós að konur eru í miklum meirihluta þegar horft er til sérhæfðra starfsmanna og ráðgjafa. Það þótti því ekki vandamál þótt þátttakendurnir fimm í þessari rannsókn yrðu eingöngu konur (Hagstofa Íslands, e.d.) Skólameistari í hverjum skóla setti mig í samband við þann náms- og starfsráðgjafa sem sinnir brotthvarfi (sjá kynningarbréf til skólameistara í viðauka 2). Af þeim fimm framhaldsskólum sem urðu fyrir valinu eru þrír á höfuðborgarsvæðinu og tveir í innan við klukkustundarakstur frá Reykjavík og er úrtakið að þessu leyti þægindaúrtak.

Til að tryggja nafnleynd og trúnað við viðmælendur mína var nöfnum þeirra breytt og starfstíma. Hanna hefur starfað við fagið í um fimm ár, Rósa í um tíu ár, María í um 15 ár, þar af síðustu þrjú árin í framhaldsskóla, Ásta í um 15 ár og loks Dóra í um 20 ár.

Viðtölin voru tekin í maí og júní 2015. Viðmælendur máttu ráða hvar viðtölin færu fram og voru skrifstofur þeirra í skólunum valdar í öllum tilvikum. Lengd viðtala var frá 30 mínútum upp í eina klukkustund. Að mínu mati sýndu viðmælendur rannsókninni áhuga og tekið var vel á móti mér.

Viðtölin voru tekin upp á Ipad spjaldtölvu og afrituð orðrétt til frekari úrvinnslu. Afritun fór fram innan tveggja daga eftir hvert viðtal. Alls voru þetta tæpar 200 mínútur sem teknar voru upp og 28 afritaðar blaðsíður.

3.2 Siðfræðilegir þættir

Ekki var talin þörf á að leita samþykkis framhaldsskólanna um að skoða vefsíðurnar enda eru þær aðgengilegar öllum en náms- og starfsráðgjöfum var heitið trúnaði, nafnleynd og eyðingu gagna að rannsókn lokinni (sbr. viðauki 2). Þessi þáttur rannsóknarinnar hefur verið tilkynntur til Persónuverndar.

Þá hafði ég viðmið Rannsóknamiðstöðvar Íslands (e.d.) um vandaða starfshætti og siðferði í vísindum og rannsóknum til hliðsjónar. Þar er sagt að vandaða starfshætti skuli viðhafa við skráningu gagna, kynningu niðurstaðna og við mat á rannsóknum. Rannsakandinn skuli meðal annars vinna rannsóknina af heilindum, vandvirkni og nákvæmni, vanda gagnaöflun og ástunda rannsóknaraðferðir sem samræmast vísindalegum viðmiðum. Þá skuli hann taka tillit til fyrri rannsókna, vísa til upprunalegra heimilda og leggja sig fram um að fara eftir þeim kröfum og reglum sem varða rannsóknarverkefnið.

4 Niðurstöður

Niðurstöður rannsóknarinnar skiptast í tvo hluta. Í fyrsta lagi er sagt frá könnun á umfjöllun um brotthvarf á vefsíðum framhaldsskólanna, alls 31 vefsíða. Í öðru lagi er greint frá niðurstöðum sem byggja á hugmyndum og reynslu fimm náms- og starfsráðgjafa um brotthvarf sem allir starfa á framhaldsskólastiginu. Þar er varpað frekara ljósi á úrræði gegn brotthvarfi og ástæður þess auk starfsumhverfis náms- og starfsráðgjafa. Í báðum tilfellum endar umfjöllunin á samantekt.

4.1 Vefsíðugreining

Þetta er fyrri hluti rannsóknarinnar þar sem ég rannsakaði umræðu um brotthvarf á vefsíðum framhaldsskólanna. Með vefsíðugreiningunni leitaðist ég eftir að fá upplýsingar um stefnu skólanna gagnvart brotthvarfi sem og úrræði til að vinna bug á þessum vanda. Vefsíðurnar höfðu mismikið af gögnum um brotthvarf. Meginþemu gagnanna eftir greiningu voru *greint frá brotthvarfi og úrræði gegn brotthvarfi*, sjá töflu 2.

Tafla 2 Vefsíðugreining

	Vefsíðugreining	
Meginþemu	Greint frá brotthvarfi	Úrræði gegn brotthvarfi
Undirþemu	Hlutfall brotthvarfs Stefnur	Náms- og starfsráðgjöf Umsjón Mæting Nám og kennsla

4.1.1 Greint frá brotthvarfi

Meirihluti skólanna fjallar um hlutfall brotthvarfs milli anna eða innan skólaársins og stöku sinnum koma einnig fram ástæður nemenda fyrir brotthvarfinu. Af 31 skóla fengust ekki upplýsingar um hlutfall brotthvarfs hjá fjórum skólum, það er FS, FSU, IH og MA. Eftir stóðu 27 skólar. Ég mun

greina stuttlega frá mjög algengum ásamt athyglisverðum dæmum í umfjöllun þeirra um brotthvarf og hlutfall þess. Þá lýk ég kaflanum með því markverðasta, það er umfjöllun um brotthvarf í stefnum fjögurra skóla.

TSA (2012) sagðist stefna að minnkandi brotthvarfi og batnandi meðalárangri nemenda á meðan fram kom hjá KVENNÓ (Árný Elíasdóttir, Ásta Þorleifsdóttir og Sveinborg Hafliðadóttir, 2014) að skólinn hafi sett sér viðmið um að hafa brotthvarf sem allra lægst, það er 2% eða minna. FSU (2012) sagðist stefna á að brotthvarf frá upphafi til loka hveurrar annar verði undir 9% og VMA (2014) sömuleiðis. Því markmiði hafi svo í reynd ekki verið náð.

FAS (2015) benti á að alls hafi níu nemendur horfið á brott frá námi tiltekna önn sem sé innan við 5% en þó ívið hærri tala en meðaltal síðasta árs. Ástæðurnar hafi helst verið að nemendur fóru að vinna eða ástæðurnar persónulegar. Hvorki hafi verið ráðist í frekari rannsókn á bakgrunni né aðstæðum þeirra sem hurfu frá námi á árinu. Þá sagði í úttekt á FVA (Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson, 2012) að sveiflur séu í brotthvarfi nemenda í skólanum milli anna. Hvorki liggi fyrir skýringar um ástæður sveiflnanna né heldur sé reynt að greina orsakir brotthvarfsins yfirleitt.

Hjá MR (2015) kom fram að leitað sé leiða til að vinna gegn brotthvarfi en að fjárskortur hamli verulega að koma þessum málum í ásættanlegt horf og hjá MH (2013) var því velt upp að hugsanlega hafi efnahagsástandið og framboð á vinnu haft áhrif á brotthvarf nemenda.

Þeir eru fáir framhaldsskólarnir sem ganga skrefinu lengra og hafa umfjöllun um brotthvarf í stefnu þeirra. Af 31 framhaldsskóla eru það fjórir, það er BHS, KVENNÓ, ME og VMA.

Í BHS (2012) er að finna umfjöllun um brotthvarf í stefnuskrá skólans. Þar kom fram að til þess að leggja mat á árangur af stefnu skólans um nemandann og velferð hans séu ýmsir mælikvarðar notaðir, þar á meðal að kanna brotthvarf nemenda úr námi og brotthvarf úr einstökum áföngum. Í stefnuskránni mátti einnig lesa undir liðnum framtíðarsýn að lögð sé áhersla á námsástundun, námsframvindu og að draga eigi úr brotthvarfi.

Í stefnu KVENNÓ (Árný Elíasdóttir, Ásta Þorleifsdóttir og Sveinborg Hafliðadóttir, 2014) var fjallað um skólabrag eða menningu skólans í tengslum við brotthvarf. Reynt sé að grípa í taumana og sporna gegn brotthvarfi áður en í óefni er komið án þess þó að slá af námskröfum skólans.

ME (e.d.) fjallaði um brotthvarf í jafnréttisstefnu skólans. Í henni var sagt að skoða þurfi einkunnir og brotthvarf eftir kynjum. Ef í ljós komi að það

halli á annað kynið hvað varðar einkunnir eða brotthvarf skuli athuga hvort hægt sé að grípa til aðgerða, svo sem um kennsluhætti, kennsluefni eða auka tímabundið stuðning við nemendur.

Hjá VMA (2012) var einnig umræða um brotthvarf í jafnréttistefnu. Þar er bent á að brotthvarf úr framhaldsskólum sé mikið áhyggjuefni. Drengir virðist frekar hverfa frá námi en stúlkur vegna þess að þeim leiðist námið eða að þeir eigi í peningavandræðum. Í stefnunni kom jafnframt fram að VMA hafi á síðustu misserum leitast við að finna leiðir til að minnka brotthvarf nemenda úr skólanum meðal annars með innleiðingu vinnustaðanáms og upptöku framhaldsskólaskírteinis eftir að nemendur hafa lokið ákveðnum fjölda eininga. Auk þess var sagt frá því að tryggt sé að nemendur fái fjármálafræðslu. Sú vinna sem hafin sé varðandi brotthvarf verði haldið áfram og árangur hennar metinn með tilliti til árangurs kynjanna. Því skuli leitast við að gera námið áhugavert og eftirsóknarvert fyrir bæði kynin, meðal annars með fjölbreyttum kennsluháttum, auk þess sem nemendur skulu ítrekað vera fræddir um faglegt gildi menntunar og hagnýtingu hennar.

4.1.2 Úrræði gegn brotthvarfi

Þegar kafað var dýpra í skjöl skólanna fjölluðu margir þeirra um úrræði gegn brotthvarfi, sumir lítið og aðrir mikið. Af 31 skóla var ekki að finna umfjöllun um úrræði gegn brotthvarfi í sex þeirra, það er í FB, FSN, FSU, FLENSBORG, ME og VÍ en sá skóli (2014) sagði þó að ekki sé ástæða til þess að grípa til aðgerða sökum lítills brotthvarfs. Þá vekur það athygli að ME, sem er einn fjögurra skóla sem hafa hafa brotthvarf í stefnu, er þarna á meðal. Eftir stóðu 25 skólar. Meðal þeirra vógu störf náms- og starfsráðgjafa og umsjónarkennara hátt í umfjöllun um úrræði gegn brotthvarfi auk eftirlits með mætingu nemenda og vissra þátta í námi og kennslu. Í næstu efnisgreinum greini ég frá því sem mikilvægt er að komi fram.

Til að byrja með var sagt um náms- og starfsráðgjafa í MK (2014a) að hann starfi með nemendum í að skapa framtíðarsýn og leiðbeina þeim með kynningum á námsleiðum og störfum í samfélaginu. Í skólanum hittir hópur nemenda náms- og starfsráðgjafa reglulega. Hver nemandi kemur þá í viðtal á ákveðnum tímum þar sem hann er hvattur til dáða og fylgst er vel með námi viðkomandi. Þá sé einnig hópráðgjöf þar sem lögð er áhersla á góða skólasókn, ástundun í námi, námstækni, skipulag og eflingu sjálfsmyndar.

Nemendur í MH (2014) sem hugsanlega séu að hverfa brott fá aukið aðhald náms- og starfsráðgjafa og FS (2014) hafði sömu sögu að segja í samhengi við skimun fyrir brotthvarfi meðal nýnema skólans. Um skimunina

var sagt í MK (2014b) að niðurstöðurnar hafi þannig gefið námsráðgjöfum framtækifæri til að finna nemendur sem eru líklegir til að vera í brotthvarfshættu og sinna þeim til að fyrirbyggja brotthvarf þeirra. Enda kom fram hjá FLENSBORG (2014) að í tengslum við brotthvarf skipti stoðkerfi skólans og skimunin mjög miklu máli og að vinna náms- og starfsráðgjafa muni skila miklu. Hjá FMOS (2014) kom fram að þeir nemendur sem koma illa út úr skimun sé boðið upp á námskeið í kvíðastjórnun og námstækni.

Í KVENNÓ (Árný Elíasdóttir, Ásta Þorleifsdóttir og Sveinborg Hafliðadóttir, 2014) hittast náms- og starfsráðgjafar með öðru starfsfólki vikulega til þess að ræða úrræði fyrir nemendur í brotthvarfshættu og í FSH (2014) var fjallað um að það þyrfti að halda betur utan um nemendur. Auka þyrfti náms- og starfsráðgjöf og upplýsingaflæði um nemendur í erfiðleikum. Í þessu sambandi var því velt upp hjá FLENSBORG (2014) hvort þörf sé á fleiri náms- og starfsráðgjöfum innan skólans. Til dæmis sé skimun fyrir brotthvarfi meðal nýnema og tölulegar upplýsingar um brotthvarf viðbótarverkefni við núverandi vinnufyrirkomulag náms- og starfsráðgjafa.

Hjá FSH (2014) kom fram að meginmarkmið umsjónarstarfs með nemendum sé að tryggja sem best velferð þeirra í skólanum og koma í veg fyrir brotthvarf þeirra frá námi. Þetta verði best gert með því að fylgjast eins og kostur er með líðan nemenda, árangri þeirra og ástundun. Þá sé ennfremur afar mikilvægt að nemendur finni að umsjónarkennari beri umhyggju fyrir þeim, vilji þeim vel og vænti árangurs af veru þeirra í skólanum. Með markvissu umsjónarstarfi sé leitast við að veita nemendum aukið aðhald og stuðning og stuðla þannig að umhyggju og festu í skólasterfinu. Í sama skóla kom samt fram að fundir nemenda með umsjónarkennurum mættu vera fleiri.

Hjá MTR (Árný Elíasdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir og Sveinborg Hafliðadóttir, 2014) fá nemendur umsögn á þriggja vikna fresti auk miðannarmats. Þar sé stefnt að því að nemendur hafi sama umsjónarkennarann allan námstímamann. Hjá MÍ (2013) hafa aftur á móti aðeins nemendur sem eru ólögráða, undir 18 ára, umsjónarkennara. Þeir veita nemendum upplýsingar um skólann og aðstoða við námsval á sérstökum umsjónarfundum sem eru fjórir talsins hverja önn. Þeir hafa samband við forráðamenn ef nemendur stunda ekki námið sem skyldi. Einnig kom fram að umsjónarkennarar senda nemendur til náms- og starfsráðgjafa ef með þarf. Um ólögráða nemendur kom fram hjá FL (2014) að framhaldsskólinn sinni bæði þeim og nemendum sem séu orðnir lögráða. Því sé mikilvægt að samstarf sé á milli skólans og foreldra, meðal annars til að draga úr skilum á

milli skólastiga, veita nemendum styrk og ráðgjöf við hæfi, minnka brotthvarf úr skóla og efla forvarnir.

FMOS (2015) fékk styrk frá Sprotasjóði og efldi þannig umsjónarkerfi skólans. Markmiðið var að þróa umsjónarkerfi sem veitti nemendum um og yfir tvítugt og áttu erfitt uppdráttar í skólanum stuðning til að ná betri árangri. Þessir eldri nemendur áttu það sameiginlegt að hafa ekki haldið sama námshraða og jafningjar þeirra og ekki var talið að námsörðugleikar væru meginorsök þess. Úr varð svokölluð erkiumsjón sem hefur gengið út á að byggja upp trúnaðarsamband milli umsjónarkennara og nemenda svo þeir fái aðstoð og stuðning á einstaklingsgrunni.

Á vefsíðunum var fjallað um mætingu nemenda og viðbrögð við fjarvistum nefnd sem úrræði gegn brotthvarfi. Ýmsir haldi utan um það, yfirleitt sé það á borði náms- og starfsráðgjafa, umsjónarkennara eða annars starfsmanns sem hafi fengið heitið mætingastjóri, fjarvistafulltrúi eða námsstjóri. Í þessu samhengi kom fram hjá FÍV (2015) að á haustönn hafi verið ráðist í átak gegn fjarvistum strax við skólasetningu. Fundað hafi verið með nemendum og forráðamönnum þeirra um mikilvægi þess að setja námið við skólann í forgang. Sömu sögu var að finna í MK (2014a). Á sérstökum kynningardegi fyrir nýnema og forráðamenn sé vel farið yfir mætingarkerfið og þeim greint frá hvernig slök mæting geti haft áhrif á framvindu náms.

Hjá BHS (Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson, 2013) hefur svokallað mætingaráð það hlutverk að fylgjast með og taka saman upplýsingar um mætingu og brotthvarf nemenda. Mætingastjóri hefur svo umsjón með þeim nemendum sem ekki hafa stundað nám sitt í samræmi við skólareglur. Hann hefur samband við nemendur sem mæta lítið í skólann og gerir í framhaldinu sérstakan námssamning við viðkomandi nemendur með það að markmiði að bæta ástundun. Í kjölfarið fylgir mætingastjórinn viðkomandi eftir og sér til þess að farið sé eftir samningnum, annars sé nemandinn í hættu á að missa skólavist. Með þessum störfum mætingaráðs og mætingastjóra sé í skólanum unnið markvisst að því að draga úr brotthvarfi nemenda og nokkuð hafi áunnist í þeim efnum. Einnig kom fram að talsverður munur sé á mætingu nemenda á milli námsgreina. Nemendur í bíltæknigreinum skólans mæti hvað best en þar sé önninni skipt í nokkrar lotur. Til greina komi að taka upp slíkt fyrirkomulag í öllum greinum til að bæta mætingu nemenda og draga úr brotthvarfi.

Þegar horft var nánar til skólaumhverfisins, það er til náms og kennslu, til að vinna bug á brotthvarfi var bent á að sumir nemendur stundi nám á styttri námsbrautum. Hjá BHS (Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson,

2013) kom fram að mestar séu fjarvistir meðal nemenda á slíkum námsbrautum og brotthvarfshættan mikil. VA (2014) sagði að nemendur framhaldsskólabrautar njóti forgangs gagnvart ýmiss konar stoðþjónustu, svo sem tímum hjá sérkennara. Á brautinni séu nokkrir skylduáfangar en auk þess sæki nemendur áfanga í almennu námi eftir áhugasviðum sínum. Þar sé markvisst unnið að því að kenna nemendum samskipti og að þeim líði betur í skólanum. Greint er frá að full þörf sé á að styðja vel við starfsemi framhaldsskólabrautarinnar, hún sé liður í því að sporna gegn brotthvarfi.

Í FÁ (Jón Bergsson og Guðrún Helga Sederholm, 2011) er ákveðið áhyggjuefni að árangur nemenda á almennri braut þyki ekki nógu góður. Námsárangur sé slakur og brotthvarfið of mikið. Því hafi verið lögð áhersla á að auka skilvirkni í námi þessara nemenda með breyttu námsmati, öflugu utanumhaldi og breyttu námsframboði. Í þessu samhengi greip FÁ (2014) til aðgerða til að stöðva hátt brotthvarf í fornámsáföngum og byrjunaráföngum í stærðfræði. Önninni var breytt í þrjár lotur og gátu nemendur lokið einni til þremur einingum eftir því hve mörgum lotum þeir náðu.

Um námsframboð er sagt hjá MB (Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson, 2011) að tiltölulega fábreytt námsframboð geti orsakað það að sumir finni ekki fjölinna sína þar og FSH (2014) greindi frá því að kennsluhættir þyrftu að vera fjölbreyttari þannig að hægt væri að nálgast sem flesta nemendur á þeirra forsendum. MÍ (2015) sagði að skólinn verði að vera með fjölbreytt námsframboð til þess að hver nemandi eigi raunverulega valkosti og notfæri sér það í samræmi við áhugamál sín og hæfileika. Í þessu samhengi kom fram hjá MTR (Árný Elíasdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir og Sveinborg Hafliðadóttir, 2014) að fjölbreytt námsframboð virðist að mestu leyti koma til móts við þarfir nemendahópsins. Nemendum sé veitt aukið svigrúm í námsvali með fjölbreyttum kennsluháttum sem miði að virkni og sjálfstæði nemenda og notkun upplýsingatækni.

Hjá MÍ (2015) hefur verið stuðlað að breyttum vinnubrögðum í kennslu með innleiðingu leiðsagnarmats. Um 85% kennara hafa nú innleitt slíkt mat sem á að festa í sessi innan skólans. Rekja megi minnkandi brotthvarf til þess fyrir utan aukna náms- og starfsráðgjöf. Leiðsagnarmat MTR (Árný Elíasdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir og Sveinborg Hafliðadóttir, 2014) byggist á samræmdum, vikulegum verkefnaskilum í stað lokaprófs. Það skýri minna brotthvarf og skil á verkefnum undantekningarlaust á ákveðnum tíma skapi ákveðinn takt í skólastarfinu.

Hjá MK (2014a) kom fram að skólinn hafi tekið þátt í verkefninu um heilsueflandi framhaldsskóla síðan 2011. Sagt er að markmiðið með

verkefninu sé að hvetja bæði nemendur og starfsfólk að tileinka sér jákvæðan og heilbrigðan lífsstíl í heilsueflandi umhverfi sem leiði til betri árangurs í leik og starfi sem dragi úr brotthvarfi. Í skólanum sé til að mynda nú gjörbreytt framboð í mötuneyti frá því sem áður var. Gos, sælgæti og djúpsteiktur matur hafi fengið að víkja fyrir grófu brauði, ávöxtum, grænmeti og hollum mat sem eldaður sé frá grunnu.

Árið 2007 var stofnað til verkefnisins Borgarfjarðarbrúin hjá MB (Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson, 2011) með styrkveitingu Sprotasjóðs til að vinna að auknum sveigjanleika og fjölbreytni í námi, mati og kennslu-háttum. Þetta verkefni var gert í samstarfi við sveitarfélagið, grunnskólana og ráðuneytið með það að markmiði að skapa samfellu milli grunn- og fram-haldsskóla, auka sveigjanleika milli og innan skólastiga og að mæta breyti-legum þörfum ólíkra nemenda. Lokamarkmið Borgarfjarðarbrúarinnar fólst í betri menntun, minna brotthvarfi nemenda og auknu sjálfstæði og frum-kvæði þeirra. Upphaflega var gert ráð fyrir að verkefnið stæði í þrjú ár, eða til ársins 2010, en að þeim tíma loknum var ákveðið að halda verkefninu áfram.

4.1.3 Samantekt á vefsíðugreiningu

Helstu niðurstöður eru þær að 27 framhaldsskólar af 31 greina frá og gefa upplýsingar um hlutfall brotthvarfs þar sem sumir þeirra hafa það að markmiði að vera undir ákveðnum mörkum. Aðeins fjórir skólar af 31 ganga skrefinu lengra og fjalla um brotthvarf í stefnum sínum. BHS og KVENNÓ fjalla um brotthvarf í stefnu skólans á meðan ME og VMA gera það í jafnréttisstefnu skólans.

Um úrræði gegn brotthvarfi eru helstu niðurstöður þær að 25 fram-haldsskólar greina frá úrræðum með einum eða öðrum hætti. Það sem endurspeglar þá umræðu er að tilteknir starfsmenn virðast leika lykilhlutverk í að sporna gegn brotthvarfi nemenda, það er náms- og starfsráðgjafi og umsjónarkennari auk þeirra sem halda utan um mætingu nemenda. Náms- og starfsráðgjafinn á að veita nemendum leiðsögn og skimar fyrir hugsanlegum brotthvarfsefnum meðal nýnema, hann ræðir svo við þá sem koma illa út og leitar lausna. Miklar væntingar eru gerðar um að skimunin dragi úr brotthvarfi. Þá á umsjónarkennarinn að passa upp á sína nemendur og veita þeim aðhald og stuðning. Á meðan umsjónarkerfið almennt séð sleppir nemendum þegar þeir eru orðnir lögráða ganga sumir skólar lengra. Til að mynda býðst völdum eldri nemendum í FMOS, sem mögulega eru farnir að slaka á í náminu, aðhald umsjónarkennara svo þeir nái að útskrifast.

Sá starfsmaður sem heldur utan um mætingu nemenda sinnir einnig mikilvægu hlutverki. Brugðist er við dvínandi mætingu og nemendur látnir vita um mikilvægi námsins. Þeir nemendur sem mæta illa enda hugsanlega á námssamningi og verða að sýna fram á betri ástundun ellegar missa skóla-pláss.

Þá virðist umgjörð náms og kennslu skipta máli í baráttunni gegn brotthvarfi. Stytttri námsbrautir eiga að hjálpa til við vandann og sem dæmi ákvað FÁ að breyta tilhögun náms fyrir þá nemendur þannig að önninni er nú skipt í þrjár lotur til að draga úr brotthvarfi. Þá á fjölbreytt námsframboð að draga úr brotthvarfi og koma til móts við þarfir nemenda og breytt námsmat á borð við leiðsagnarmat sömuleiðis. Þá er ekki úr vegi að hafa heilsueflandi umhverfi sem styður við heilbrigðari lífsstíl nemenda.

Þrátt fyrir að margt sé gert, og sumstaðar séu vikulegir fundir um brotthvarf, er rætt um að styrkja þurfi enn frekar náms- og starfsráðgjöf sem og umsjónarkerfið. Náms- og starfsráðgjafar séu að minnsta kosti með of mikið á sínum herðum.

4.2 Viðtöl við náms- og starfsráðgjafa

Síðari hluti rannsóknarinnar fólst í viðtölum (sjá viðtalsramma í viðauka 1) við fimm náms- og starfsráðgjafa í jafnmörgum framhaldsskólum. Með viðtölunum leitaðist ég eftir að komast inn fyrir þröskuld framhaldsskólanna til að fá frekari upplýsingar um brotthvarf frá því starfsfólki sem leikur lykilhlutverk í þessum málaflokki. Til að brjóta ísinn var byrjað á því að spyrja um ástæður brotthvarfs en svo um úrræðin sem viðkomandi skóli væri í raun og veru að beita. Auk þess var rætt um starfsumhverfi náms- og starfsráðgjafanna. Meginþemu gagnanna eftir greiningu voru *ástæður brotthvarfs, úrræði gegn brotthvarfi og starfsumhverfi*, sjá töflu 3.

Tafla 3 Greining viðtala

	Greining viðtala		
Meginþemu	Ástæður brotthvarfs	Úrræði gegn brotthvarfi	Starfs-umhverfi
Undirþemu	Andleg vanlíðan Áhugasvið og samfélag Fjárhagur og lífsgæðakapphlaup Grunnskólinn	Náms- og starfsráðgjöf Skimun Umsjón Mæting Nám og kennsla	Fjár- og tíma-skortur Breytingar

4.2.1 Ástæður brotthvarfs

Viðmælendur mínir voru á einu máli um að ástæður brotthvarfs væru margar og flóknar sem gerði það að verkum að skólinn ætti erfitt með að bregðast við. Bent var á andlega vanlíðan nemenda og að nemendur veldu sér rangar námsbrautir, jafnvel með þrýstingi að utan. Þá greindu viðmælendur mínir frá því hvernig vinnumarkaðurinn tugi í nemendur og að breitt bil sé á milli grunnskóla og framhaldsskóla. Í næstu efnisgreinum greini ég frá því markverðasta sem viðmælendur mínir sögðu um ástæður brotthvarfs.

Viðmælendur mínir bentu allir á að margir nemendur í framhaldsskóla hafi verið greindir með allskyns veikindi sem hamli þeim að einhverju leyti í náminu. Stór þáttur sé kvíði eða þunglyndi. Ásta sagðist finna fyrir aukningu í þessum efnum sem hún tengdi jafnvel við efnahagshrunið:

Ég fór í námsleyfi 2013 til 14 og ég er semsagt að koma núna í haust aftur er líðan nemenda, og það er ekkert, sko ég meina, þú lest þetta í fjölmiðlum líka, andleg líðan er til hins verra.

Ef til vill hefur aukningin orðið vegna þess að unga fólk er orðið ófeyrnara að leita sér hjálpar vegna andlegra veikinda að mati Hönnu. Hún taldi að þetta hafi verið falið vandamál áður fyrr.

Þá fjölluðu viðmælendur mínir um áhuga nemenda og þann þrýsting sem þeir yrðu fyrir. Margir foreldrar vilji að börnin sín klári stúdentspróf sem valdi því að nemendur velji sér ekki nám við hæfi. Þannig sé stuðningur foreldra mikilvægur. María sagði að ofuráhersla sé lögð á stúdentspróf í samfélaginu á meðan nemendur gætu blómstrað í allt öðru, til dæmis iðnnámi. Hún taldi þetta vera stóran hluta af brotthvarfsvandanum og sagði: „Þau eru ekki í námi sem að tengist þeirra áhugasviði“.

Um fjárhag nemenda kom fram að margir nemendur ynnu með skóla sem vitaskuld bitnaði á náminu og einhverjir hyrfu brott. Ásta nefndi 50% starf með 100% skóla og Hanna nefndi fjárhagserfiðleika heima fyrir. Sumir nemendur þurfi að hjálpa til heima fyrir og koma með peninga inn á heimilið. Rósa sagði slíkt hið sama og þá sérstaklega eftir efnahagshrunið. Nemendur dyttu úr námi vegna þess að það sé ekki til peningur heima.

Í þessu samhengi töluðu viðmælendur mínir einnig um lífsgæðakapphlaup meðal nemenda. Ásta sagði: „Svo er neyslan hjá þessum krökkum á þessum veraldlegu gæðum náttúrulega talsverð, þú verður að eiga flotta síma og ef þú ert búinn að kaupa þér bíl þarftu að geta borgað af honum og þess háttar“. Rósa greindi frá því að bílastæði nemenda væri hlaðið flottum ökutækjum og að krakkarnir séu mörg hver búin að skuldsetja sig talsvert vegna bílakaupa og annarrar neyslu. Hún greindi frá því að krakkarnir vildu vera í ákveðnum fatamerkjum á borð við 66 gráður norður og sagði ennfremur:

Þetta er mjög mikið kapphlaup hér, kapphlaupið við að eiga hluti ... það er verið að kaupa, kaupa, kaupa ... það er nýjasti iPhoneinn, þau verða að eignast pening núna strax ... einhversstaðar kemur þetta niður á þeim.

Dóra sagði að sumir nemendur sem hverfi út á vinnumarkaðinn komi þó aftur, þeir átti sig á því að án menntunar séu þau föst í láglaunastörfum. En nemendur þurfi að upplifa þetta á eigin skinni.

Loks bentu viðmælendur mínir á grunnskólann. Þeir töldu himin og haf skilja að grunnskóla og framhaldsskóla. Þjónustustigið sé hátt í grunnskóla á meðan nemendur leiki lausum hala í framhaldsskóla. Hanna greindi frá því að hún upplifði marga nýnema fljótt sem hugsanlega brotthvarfsmenndur og sagði: „En ég held að ansi oft, þau sem eru að hætta hér ansi snemma að þau séu oft hætt í huganum áður en þau koma hér inn“.

4.2.2 Úrræði gegn brotthvarfi

Viðmælendur mínir bentu á að þeir sætu ekki með hendur í skauti gagnvart brotthvarfi. Bent var á persónulega náms- og starfsráðgjöf fyrir nemendur sem þess þyrftu, skimun fyrir brotthvarfi og umsjónarkennslu. Þá sé fylgst með mætingu nemenda og vissir þættir í námi og kennslu eigi að styðja við bakið á nemendum. Í næstu efnisgreinum greini ég frá því markverðasta í þessu sambandi.

Rósa sagðist stöðugt vera að skipta sér af nemendum og Ásta sagði að nemendur með kvíða eða þunglyndi kæmu reglulega í heimsókn. Dóra benti á að náms- og starfsráðgjöf væri daglegt brauð sem úrræði gegn brotthvarfi nemenda og sagði: „Með þessum persónulega stuðningi að halda utan um námið, gera skipulag og áætlanir“. Hún sagði að nemendur séu oft að gera áætlanir sem séu ekki mjög raunsæjar. Hún benti ennfremur á að viðmótið skipti miklu máli þegar nemendur komi í ráðgjöf. Þeir verði að finna að þeir séu velkomnir. Dóra sagði ennfremur að því lengur sem hún starfaði við þetta gerði hún sér grein fyrir því að hver einstaklingur sé heimur út af fyrir sig. Hún sagði að stundum væri alveg sama hvað hún gerði, það gengi ekki ef nemandinn væri ekki tilbúinn til að taka við hjálpinni.

Viðmælendur mínir nefndu skimun mennta- og menningarmálaráðu-neytisins gagnvart brotthvarfi meðal nýnema sem markvisst úrræði. Skimunin sé framkvæmd þegar um sex vikur eru liðnar af haustönn. Hanna sagði að með þessu fáist ítarlegar upplýsingar um nemendur og þeir sem skoruðu hæst væru kallaðir í viðtal hjá náms- og starfsráðgjöfum þar sem farið sé yfir líðan þeirra, baklandið, vinnuhópin, erfiðleika í námi, greiningar og stefnu í framtíðinni. Í þessum efnum lagði Ásta áherslu á að skimunin gæfi nemendum í hættu kost á að kynnast náms- og starfsráðgjöfunum áður en allt sé komið í óefni. Með viðtölunum ræddu viðmælendur mínir um að mynda tengsl við nemendur, veita þeim persónulegan stuðning og vísa nemendum áfram til sálfræðinga sé þörf á því. Skimunin flýti þannig fyrir, enda sagði Hanna:

Erum þá komin með svólítið mikið af upplýsingum sem að annars hefði kannski tekið mörg mörg viðtöl fyrir okkur að fá og kannski aldrei fengið, og þá getum við spurt ítarlegar og nánar og fundið einhverja veika hlekki sem að maður kemst þá strax inn í.

Í þremur skólum af fimm voru allir nýnemar boðaðir í viðtal á meðan hinir tveir kölluðu bara til þá sem skoruðu hæst eftir skimun. Viðtölin voru í

upphafi annar og sums staðar einnig eftir miðannarmat þar sem farið var yfir stöðu mála og leitað að lausnum ef eitthvað bjátaði á.

Talið barst svo að umsjónarkennslu sem Ásta og Dóra sögðu að hefði ekki virkað sem skyldi undanfarið. Báðar bentu þær á að umsjónarkennari hefði ekkert kennt nemendum sínum og tengslin þar af leiðandi verið engin. Það eina sem hefði verið gert væri að nemandinn var boðaður í viðtal en mætti svo ekki endilega. Í skóla Dóru væri nú reynt eftir fremsta megni að láta umsjónarkennara kenna nemendum sínum fyrstu önnina og í skóla Ástu muni umsjónarkennarinn framvegis fylgja nemendum sínum fyrstu þrjár annirnar. Þá fái nemendur eina einingu skráða fyrir að halda sambandi við umsjónarkennara. Dóra greindi ennfremur frá því að nú kalli umsjónarkennari eftir fundi með hverjum nemanda og foreldrum til að mynda tengsl í upphafi hverrar annar.

Hanna benti á að á meðan umsjónarkerfi skólans virki ágætlega fyrir þá sem eru 18 ára og yngri sé brotalöm í kerfinu fyrir eldri nemendurna enda sé umsjónarkerfið bara til 18 ára aldurs í framhaldsskólum og jafnvel bara fyrsta árið. Skóli Maríu er aftur á móti einnig með umsjónarkerfi fyrir eldri nemendur. Hún sagði kennara bjóða sig fram til þessa verkefnis sem sinni þá nemendum sem eigi eftir tvær til fjórar annir og hafi sýnt fram á ágætan námsárangur hingað til. Með tímanum hafi þeir þó dalað í náminu. Þessir nemendur séu handvaldir og fái tilboð um þennan stuðning. Sé tilboðið þegið hittir umsjónarkennari nemandann einu sinni í hverri viku þar sem farið sé yfir mætingu, verkefnaskil og hvernig gangi. Ef eitthvað bjáti á taki náms- og starfsráðgjafar við sem jafnvel vísi nemendum áfram til sérfræðinga. Hanna sagði: „Við höfum náð að útskrifa nokkra nemendur sem hafa klárað svona, nemendur sem eru komnir yfir tvítugt sem hafa verið að draga lappirnar“.

Um hlutverk umsjónarkennara sagði Hanna:

Það er í rauninni rosalega misjafnt hvernig kennarar sinna þessu, sumum er í rauninni bara alveg sama, senda kannski einn póst og dettur ekki í hug að taka upp tólið ... svo eru aðrir kennarar sem er bara yndislegir, þeir bara ganga á eftir nemendum hérna liggur við og hringja og pikka og pikka og pikka og það er náttúrulega bara einstaklingsbundið.

Nýtt er af nálinni hjá nokkrum skólum viðmælenda að kennari sækir um að verða umsjónarkennari í stað þess að vera settur í það hlutverk áður fyrr. Í þessu samhengi sagði María að þeir séu þá í þessu af fúsum og frjálsum

vilja. Hún sagði: „Þú þarft að hafa áhuga, við erum bara nákvæmlega eins og nemendur, við gerum það sem við höfum áhuga á.“

Þá var vikið að mætingu nemenda. Viðmælendur mínir greindu frá því að í hverjum skóla væru teknir út mætingarlistar og nemendur sem mættu illa séu kallaðir til og leitað leiða svo nemandi mæti betur. Sumir nemendur færu á samning um ákveðna mætingu til að halda skólavist. Náms- og starfsráðgjafi sinni þessu í einhverjum tilvikum en stundum sé annar starfsmaður fenginn til að halda utan um þessi mál.

Loks séu ýmis úrræði í námi og kennslu. Allir skólarnir væru til dæmis með styttri námsbrautir fyrir nemendur sem þurfa að fá meira aðhald og aukið utanumhald. Um slíkt nám sagði Rósa:

Við erum með ákveðið úrræði, við erum með fornám fyrir þá sem eru að falla í grunnskóla og beinum þeim í fornám í heilt ár og rosalegur stuðningur við nemandann til að efla sjálfstraustið í námi og félagslega líka ... og það eru alltaf sömu kennararnir sem sjá um þennan hóp og ég held vel utan um hann og fylgist mjög vel með þeim ... þarna voru til dæmis margir sem komu illa út úr þessari könnun [skimun] þannig að núþegar var eitthvað verið að gera.

Viðmælendur mínir ræddu styttri og lengri námskeið af ýmsum toga til að styrkja nemendur í erfiðleikum. Í skóla Rósu var sérstakur kennari tímabundið með verkefni þar sem farið var með nemendur sem voru félagslega illa staddir og í brotthvarfshættu í menningarferðir og á kaffihús. Tilgangurinn var að þjappa hópnum saman. Um verkefnið sagði Rósa að þetta hefði verið gerlegt vegna þess að skólinn fékk styrk til verksins. María nefndi áfanga sem tengir saman nemendur við skóla og samfélag með þeim tilgangi að styrkja félagstengslin. Hún sagði ennfremur:

Við bjóðum upp á námskeið bæði í kvíðastjórnun og svo námstækni sem eru náttúrulega liðir í því að takast á við þennan vanda sem við bjóðum upp á einu sinni á önn í þrjú til fjögur skipti sem við sníðum bara eftir þörfum hvers hóps sem kemur til okkar.

Um hvort nemendurnir væru skikkaðir á slík námskeið sagði María svo ekki vera. Póstur væri sendur til allra nemenda yngri en 18 ára og foreldra þeirra. Stundum vildu foreldrar að börnin færu á þetta en nemendurnir ekki.

Skólinn hjá Dóru hefur gengið skrefinu lengra í námskeiðahaldi og býður nú upp á áfanga í hugrænni atferlismeðferð. Þetta byrjaði fyrir skömmu með styrk frá Lýðheilsustöð í samstarfi við sálfræðiþjónustu nálægt skólanum til að takast á við kvíða og þunglyndi nemenda. Sálfræðingar komu í skólann þar sem ákveðnir nemendur fengu einkaviðtal eftir að hafa svarað spurningalista frá þeim sem náms- og starfsráðgjafar sinntu. Fyrir áfangann fá nemendur eina einingu fyrir sem umbun. En Dóra sagði að þetta hefði ekki verið framkvæmanlegt nema með styrkveitingunni. Dóra greindi frá því að í lok áfangans sé viðtal við sálfræðing þar sem farið sé yfir þróunina hjá hverjum nemanda yfir önnina og áframhaldandi vinnu, það er hvað nemandi gæti gert til að vinna meira í sjálfum sér.

Í áframhaldandi umræðu um nám og kennslu barst talið að verkefnatímum og námsveri. María greindi frá því að skólinn hennar sé verkefnamiðaður skóli og því séu engin stór lokapróf, heldur símat yfir alla önnina. Verkefnatímar eru einu sinni á dag, bundnir í stundatöflu og nemendur geta valið sér viðfangsefni sjálf. Ef þeir þurfa til dæmis viðbótarstuðning í íslensku eða stærðfræði þá fá þeir aðstoð frá slíkum kennara í verkefnatímanum. Hún sagði:

Þarna velur þú þína kennslustund og þegar þau læra að nýta þetta, nýju krakkarnir þurfa aðeins að læra þetta en þeir sem eru að standa sig vel þeir eru að nýta þetta, þetta er góður stuðningur fyrir þá sem þurfa.

Dóra nefndi námsver í sínum skóla sem fór af stað fyrir fjórum eða fimm árum. Námsverið sé mikill stuðningur að hennar mati og sumir nemendur séu mikið í námsverinu. Kennari sé alltaf til staðar. Dóra talaði um að námsverið sé í boði fyrir hvern sem er en þó sé sumum nemendum vísað í námsverið ef náms- og starfsráðgjafi eða kennari hafi áhyggjur af stöðu mála og stundum sé námsverið sett í stundatöflu þeirra sem eru í miklum vanda.

4.2.3 Starfsumhverfi

Viðmælendur mínir greindu frá því að þó að margt sé gert væri staðan samt ófullnægjandi og brotthvarf nemenda sé alltof mikið. Í því sambandi var rætt um fjár- og tímaskort. Þannig sagði Ásta: „En það bara vantar peninginn og mannskap til þess að gera þetta“. Í þessu samhengi sagði Dóra: „Svo hefur maður svo lítinn tíma til að vinna öll þessi verkefni“ og benti á að fjöldi viðtala yfir önn sé gífurlegur. Í kjölfarið sagði hún vinnuálagið algjöra bilun.

Í þessu samhengi sagðist Rósa ekki hafa tíma til að gera allt sem hún gjarnan myndi vilja gera, hún þyrfti að forgangsraða ótalmörgum verkefnum og sum væru ekki lengur á boðstólum líkt og nýnemaviðtöl. Hún sagði:

Einu sinni tókum við alltaf alla nýnema en það er bara svo mikið að gera að maður kemst ekki yfir þetta allt saman, það var fyrir skimun, við kynntumst þeim vel og það kom upp úr krafsinu að margir voru að velja vitlausa braut og við náðum bara mjög góðum tengslum við nemendur þegar við gerðum þetta og ég myndi gjarnan vilja koma þessu aftur inn ef það væri tími.

Þá var fjallað um breytingar sem væru framundan í framhaldsskólum þar sem meðal annars stúdentspróf verði til þriggja ára. Hvaða áhrif þær breytingar myndu hafa á brotthvarf sagði Hanna að útkoman yrði svipuð en mögulega myndi draga úr brotthvarfi þegar fram liðu stundir. Ásta og María töldu að þetta myndi hafa jákvæðar afleiðingar fyrir suma, það er að eiga þess kost að taka stúdentspróf á þremur árum í stað fjögurra. Oft séu nemendur í núverandi kerfi að gefast upp á endasprettinum. Rósa benti á að það sé verið að þungja námið og þjappa því saman í þrjú ár og það gæti orðið erfitt fyrir suma. Í áfangakerfi hafi nemendur þó val um að vera lengur. Dóra hélt því fram að allar þessar breytingar myndu tæpast hafa áhrif á brotthvarf. Hún kallaði þetta umbúðabreytingar. Hún taldi að það þyrfti frekar að grípa til aðgerða fyrr, eða í grunnskóla.

4.2.4 Samantekt á viðtölum við náms- og starfsráðgjafa

Helstu niðurstöður eru þær að stór hópur nemenda hættir í framhaldsskóla af mörgum og flóknum ástæðum. Úrræðin eru mörg gegn brotthvarfi en þrátt fyrir að heilmikið sé gert dugar það ekki til, enda starfsumhverfið erfitt. Skoðum málið betur.

Í fyrsta lagi er ástæðan stundum ein sem veldur brotthvarfi og stundum eru þær margar samhliða. Sumir hætta vegna þess að þeim líður illa og hafa mögulega verið greindir með kvíðaröskun, þunglyndi eða annað sem hefur áhrif á framvindu náms sem endar með brotthvarfi. Andleg og líkamleg vanlíðan er komin meira upp á yfirborðið. Nemendur eru þannig ófeimnari um veikindi sín en áður.

Sumir nemendur velja sér ranga braut sem þeir hafa engan áhuga á og heltast úr lestinni. Hér má til dæmis nefna kröfur foreldra til stúdentsprófs. Svo eru sumir nemendur blankir og litlir peningar til heima. Þeir þurfa þá að

vinna fyrir sig og sína sem hefur áhrif á skólavistina og enn aðrir vinna til að standast lífsgæðakapplaupið.

Þá eru einhverjir nemenda þegar hættir í anddyri framhaldsskólans sem sjá ekki tilganginn. Í þeim tilfellum hefði mátt bregðast við hugsanlegu brotthvarfi í framhaldsskóla fyrr, það er í grunnskóla.

Í öðru lagi eru úrræðin mörg. Náms- og starfsráðgjafarnir veita nemendum persónulega ráðgjöf daglega og á hverri önn er skimað fyrir brotthvarfi meðal nýnema sem gefur ráðgjöfunum mikilvægar upplýsingar. Þeir sem koma illa út úr skimun eru í kjölfarið boðaðir í viðtal þar sem farið er yfir málin og reynt að mynda tengsl og leita lausna. Sumir skólar ganga skrefinu lengra og kalla alla nýnema í sambærilegt viðtal sem ýmist er í höndum náms- og starfsráðgjafa eða umsjónarkennara.

Mætingarlistar og umsjónarkerfið bar einnig á góma. Nemendur sem mæta illa eru boðaðir í viðtal þar sem leitað er lausna og samið er við suma sem verða að sýna betri ástundun til að halda skólavist. Í umsjónarkerfinu fá nú nemendur einingu skráða ef þeir halda sambandi við umsjónarkennara og í sumum tilvikum er séð til þess að umsjónarkennarar kenni sínum nemendum í upphafi skólatímans. Brotalömin er þó víða sú að umsjónarkerfið er einungis fram til þess tíma sem ungmennin verða lögráða. Frávik frá því er í skóla Maríu þar sem þetta starf er líka fyrir handvalda eldri nemendur sem hefur borið ágætan árangur.

Ýmis úrræði eru í námi og kennslu. Styttri námsbrautir eru í boði fyrir nemendur sem þurfa aukið aðhald sem og námskeiðahald, til að mynda í kvíðastjórnun, námstækni og hugrænni atferlismeðferð. Þá eiga verkefnatímar og námsver að hjálpa nemendum sem þurfa viðbótarstuðning, til dæmis í tilteknu fagi.

Í þriðja lagi er starfsumhverfið litað af fjár- og tímaskorti. Þó að margt sé gert er staðan ófullnægjandi og brotthvarfið er of hátt. Um breytingarnar framundan og styttra nám voru misjafnar skoðanir í tengslum við minna brotthvarf. Nemendur eigi þá að geta séð fyrir endann á námstímanum sem þó sé verið að þjappa meira saman. Mögulega geti það orðið íþyngjandi fyrir suma nemendur. Til að draga úr brotthvarfi sé mikilvægt að bregðast við í grunnskóla.

5 Umræður

Þessi kafli fjallar um niðurstöður rannsóknarinnar í samhengi við fræðilega umfjöllun og rannsóknarspurningu sem er tvíþætt: Hver er stefna íslenskra framhaldsskóla gegn brotthvarfi og hvaða úrræði eru til staðar? Í þeim efnum verður fjallað um flóknar ástæður brotthvarfs og um stefnu stjórnvalda og íslenskra framhaldsskóla. Þá verður greint frá úrræðum sem eru til staðar í skólakerfinu og erfiðu starfsumhverfi náms- og starfsráðgjafa á Íslandi.

5.1 Ástæður brotthvarfs

Viðmælendur mínir voru á einu máli um allskyns vandamál brotthvarfsnemenda. Þeir nefndu til dæmis andlega vanlíðan þeirra og hve bilið er breitt á milli grunnskóla og framhaldsskóla sem valdið getur brotthvarfi. Þá kom fram hjá viðmælendum að vinnumarkaðurinn togi í nemendur sem vilji afla sér tekna og aukinna lífsgæða. Kristjana Stella Blöndal og félagar (2011) bentu einmitt á að íslenskum nemendum virðast standa til boða ýmiss tækifæri á vinnumarkaði þrátt fyrir litla menntun sem valdi brotthvarfi úr námi. Jafnframt geti þeir verið í og úr námi eins og þeim henti sem gæti ýtt undir að þeir dragi lappirnar í námi.

Vandamálin öll eru í samræmi við það sem fram kom hjá Rumberger og Lim (2008) um marga forspárþætti brotthvarfs sem geta haft áhrif á frammistöðu nemenda í skólum og skuldbindingu þeirra gagnvart náminu. Þá styðja kannanir hér á landi og erlendis um ástæður brotthvarfs við orð viðmælenda minna og fræðimanna (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014b; Námsmatsstofnun, 2015; Rumberger, 2011). Þannig er það ljóst að ástæðurnar fyrir brotthvarfi eru fjölmargar og ekki hægt að benda á einstakan atburð í lífi ungmenna sem valdi því. Einstaklingar hafi þannig orðið fyrir áhrifum á lífsleiðinni sem endi með brotthvarfi úr námi (Alexander, Entwisle og Horsey, 1997; De Witte og Cabus, 2013; Rumberger, 2011; Rumberger og Lim, 2008).

Viðmælendur mínir greindu einnig frá því að skólakerfið eigi oft erfitt með að bregðast við brotthvarfi nemenda af þessum sökum og ekki bæti það ástandið að margir nemendur velja sér ekki nám við hæfi með tilliti til krafna um bóknám sem lýkur með stúdentsprófi. Orð viðmælenda minna

passa þannig við það sem fram kemur hjá Kristjönu Stellu Blöndal og félögum (2011) um að áhersla sé lögð á bóklegt nám hér á landi. Rífja má upp að af rúmlega 23 þúsund skráðum nemendum í framhaldsskólum á haustönn 2015 voru flestir á bóknámsbrautum, um 17 þúsund manns (Þingskjal nr. 429/2015–2016). Sé hluti þessara nemenda óviss um námsval sitt í framhaldsskóla getur það aukið líkurnar á metnaðarleysi og neikvæða hegðun í námi (Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Sif Ægisdóttir, 2013).

5.2 Stefna

Núgildandi lög (nr. 92/2008) um framhaldsskóla og núgildandi aðalnámskrá (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) framhaldsskóla fjalla með almennum hætti um hlutverk framhaldsskóla gagnvart nemendum, til dæmis að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða öllum nemendum nám við hæfi. Þannig er ekki fjallað sérstaklega um brotthvarf. Í frumvarpi til núgildandi laga (Þingskjal nr. 320/2007–2008) er hins vegar rætt um brotthvarf. Þar var greint frá því að til þess að draga úr brotthvarfi verði að fjölga námsleiðum og búa til skilyrði fyrir fleiri til að ljúka námi. Þannig eigi skólustarfið að einkennast af kröfum og væntingum nemenda sinna. Þá er rætt um mikilvægi náms- og starfsráðgjafar og hana þurfi að efla enn frekar í skólakerfinu. Athyglisvert er að þessi umfjöllun hafi ekki ratað í lögum sjálf.

Þrátt fyrir að umfjöllun um brotthvarf sé ekki sýnileg í lögum og aðalnámskrá má vera ljóst að stefna stjórnvalda gegn brotthvarfi er víðtæk. Má þar helst nefna skilvirkari menntastefnu svo markmið um 10% brotthvarf árið 2020 verði að veruleika (Forsætisráðuneytið, 2012) og markmið *Hvít-bókar* mennta- og menningarmálaráðuneytisins (2014c) að 60% nemenda ljúki námi úr framhaldsskóla á tilsettum tíma, úr 44% nú, með því að stytta námstíma til stúdentsprófs og draga úr brotthvarfi. Í þessu samhengi er nú skimað fyrir áhrifapáttum brotthvarfs í öllum framhaldsskólum landsins, sjá nánar í næsta kafla.

Aðeins fjórir skólar ræða brotthvarf í formlegum stefnum sínum. BHS (2012) og KVENNÓ (Árný Elíasdóttir, Ásta Þorleifsdóttir og Sveinborg Hafliðadóttir, 2014) fjalla um brotthvarf í stefnu á meðan ME (e.d.) og VMA (2012) gera það í jafnréttisstefnu. Þó að umfjöllun um brotthvarf sé ekki sýnileg í stefnum skólanna en raun ber vitni má vera ljóst að þeir stefni að minnkandi brotthvarfi með ýmsum hætti, sjá nánar í næsta kafla.

5.3 Úrræði

Þegar horft er til úrræða um brotthvarf hjá hinu opinbera og í niðurstöðum rannsóknarinnar koma fram ýmsir þættir í skipulagi skólustarfsins, til dæmis fjölbreyttir kennsluhættir og fjölbreytt námsframboð. Þar að auki er greinilegt að störf náms- og starfsráðgjafa, umsjónarkennara og þeirra sem halda utan um mætingu nemenda eru afar mikilvæg til að sporna gegn brotthvarfi nemenda.

Samfella milli skólastiga

Hið opinbera hefur greint frá því að þörf sé á að draga úr skilum milli grunnskóla og framhaldsskóla (Forsætisráðuneytið, 2012; OECD, 2012b). Eins og áður var nefnt töldu viðmælendur mínir bilið vera of breitt milli skólastiganna, þjónustustigið sé hátt við nemendur í grunnskóla en lágt við nemendur í framhaldsskóla. Þetta passar við það sem Gerður G. Óskarsdóttir (2012) sagði um skil skólastiga en auka þurfi samstarfið milli þeirra.

Þó má segja að umsjónarkerfi skólanna sé viss þáttur í að brúa þetta bil þar sem tiltekinn kennari heldur utan um hóp nemenda sem líkist því umhverfi sem þeir hafa vanist í grunnskóla. Á vefsíðunum kom fram að sumir skólar hafi sama umsjónarkennara allan námstímann á meðan flestir gefa eingöngu ólöggráða nemendum kost á því (Árný Elíasdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir og Sveinborg Hafliðadóttir, 2014; FMOS, 2015; MÍ, 2013). Í þessum efnum greindu viðmælendur mínir frá því að umsjónarstarfið hefði ekki virkað nægilega vel hingað til og hafa því verið gerðar ýmsar úrbætur á því. Nú sé reynt að láta umsjónarkennara kenna sínum nemendum eftir fremsta megni og nemendur fá eina einingu fyrir sem umbun haldi þeir sambandi við sinn umsjónarkennara. FMOS (2015) er einn þeirra sem efldi umsjónarkerfið með þeim hætti að nú fá útvaldir lögráða einstaklingar stuðning í svokallaðri erkiumsjón til að ná betri árangri. Síðast en ekki síst benti einn viðmælenda á að áhugasamir kennarar sækji nú um stöðu umsjónarkennara í stað þess að vera skipaður í þá stöðu við misgóðar undirtektir.

Annar þáttur í þjónustu við nemendur í upphafi náms er nýnemaviðtöl. Þrjú viðmælenda bentu á að allir nýnemar væru boðaðir í einstaklingsviðtal hjá náms- og starfsráðgjafa eða umsjónarkennara til þess að mynda tengsl sem ætti að auðvelda nemendum að sækja sér aðstoð þegar þeir lenda í vandræðum. Þá hafa sumir skólar haldið kynningarfund fyrir nýnema um mætingarkerfið og mikilvægi góðrar námsástundunar.

Skil milli skólastiga er enn breitt að mati viðmælenda þó að ýmislegt sé gert fyrir nýnema. Þrátt fyrir það hefur komið fram að ástæður brotthvarfs eru margar og ýmsir áhrifaþættir á lífsleiðinni. Í þessu sambandi kom fram hjá viðmælendum mínum að nemendur verði að vera tilbúnir að taka við hjálpinni og stundum séu þeir hættir í huganum þegar námið hefst í framhaldsskóla. Þannig þurfi að takast á við vandann fyrr, í grunnskóla.

Nám fyrir alla

Íslenski framhaldsskólinn hefur nokkuð frjálssar hendur til að byggja upp eigið skólakerfi. Allt frá fyrstu löggjöf um framhaldsskóla er kveðið á um að framhaldsskólinn eigi að vera fyrir alla (Lög um framhaldsskóla, 1988; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Á vefsíðunum var greint frá því í tengslum við brotthvarf að fjölbreytt námsframboð sé mikilvægt sem og kennsluhættir svo hægt sé að nálgast nemendur á þeirra forsendum (Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson, 2011; FSH, 2014; MÍ, 2015). Til dæmis var bent á breytt vinnubrögð í kennslu með því að innleiða leiðsagnarmat (MÍ, 2015; Árný Elíasdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir og Sveinborg Hafliðadóttir, 2014) og styttri námsbrautir þar sem brotthvarfshættan geti verið mikil. Á þeim brautum sé haldið betur utan um nemendur auk þess sem námsmat og námsframboð sé sniðið að þeim nemendum (Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson, 2013; Jón Bergsson og Guðrún Helga Sederholm, 2011; VA, 2014). Viðmælendur mínir greindu einnig frá þessum námsbrautum sem sé mikill stuðningur fyrir nemendur sem fái hjálp við að efla sig félagslega og auka sjálfstraustið. Að mati hins opinbera er mikilvægt að allir nemendur ljúki að minnsta kosti prófi á slíkum brautum (Forsætisráðuneytið, 2012).

Þrátt fyrir þetta þurfi þó að mati hins opinbera að kanna betur skipulag og uppbyggingu náms í íslenskum framhaldsskólum með það fyrir augum að auka námsframboð, bæta kennsluhætti og nútímavæða námsefni. Þannig sé þörf á að athuga hve skilvirkt og eftirsóknarvert það í raun sé. Til dæmis sé æskilegt að tengja námið betur við atvinnulífið og nýta þurfi námstímann betur og stytta nám til stúdentsprófs um eitt ár. Nemendur sjái þá frekar fyrir endann á sínu námi og klári það (Forsætisráðuneytið, 2012; OECD, 2012b). Í þessu samhengi bentu Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónsson og Anne-Christin Tannhäuser (2011) á að stúdentspróf hefur tekið fjögur ár en ekki þrjú ár líkt og í flestum nágrannalöndum okkar. Viðmælendur mínir höfðu misjafnar skoðanir þessari styttingu. Sumir nemendur gætu einmitt séð fyrir endann á því á meðan aðrir myndu ekki ná þessu á þremur árum og væru þá lengur að.

Inngrip

Hið opinbera fjallaði um mikilvægi náms- og starfsráðgjafar sem geti fyrirbyggt brotthvarf og aukið tækifæri einstaklinga (Arnar Þorsteinsson o.fl., 2015; Ágústa E. Ingbórsdóttir, Guðbjörg Vilhjálmsdóttir og Sigríður Bílddal, 2008–2009; Þingskjal nr. 320/2007–2008). Viðmælendur mínir bentu á að í störfum þeirra væri það daglegt brauð að sinna brotthvarfi nemenda. Þeir veiti nemendum persónulegan stuðning, skipuleggi með þeim námið og geri með þeim áætlanir. Í þessum efnum má muna eftir reglugerð um starfslið og skipulag framhaldsskóla (nr. 1100/2007) um margvíslegt hlutverk náms- og starfsráðgjafa. Aðhald náms- og starfsráðgjafa er því mikill stuðningur fyrir nemendur (FLENSBORG, 2014; FS, 2014; MH, 2014; MK, 2014b).

Mikilvægt að finna nemendur í brotthvarfshættu áður en í óefni er komið. Skimun meðal nýnema fyrir áhrifaþáttum brotthvarfs í upphafi annar gefur náms- og starfsráðgjöfum tækifæri til þess að grípa snemma inn í skólagöngu nemenda í brotthvarfshættu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010, 2014c). Þegar er hafin skimun gegn brotthvarfi í öllum framhaldsskólum (Kristrún Birgisdóttir, munnleg heimild, 5. janúar 2016). Viðmælendur mínir nefndu að skimun fyrir brotthvarfi væri markvisst úrræði, þeir sem skoruðu hæst eftir skimunina væru kallaðir í viðtal hjá náms- og starfsráðgjöfum og reynt að finna lausnir áður en allt væri komið í óefni. Sumstaðar væru viðtöl við alla nýnema óháð skimun til að mynda tengsl líkt og áður hefur komið fram. Skimun eigi að flýta fyrir að koma nemendum í viss úrræði á borð við kvíðastjórnun og námstækni. Þau úrræði bar einnig á góma á vefsíðu FMOS (2014). Þar að auki bentu viðmælendur mínir á ýmiss önnur úrræði, til dæmis hugræna atferlismeðferð og sálfræðiaðstoð ásamt námsveri og verkefnatímum en þar er kennari viðstaddur til að veita aðstoð. Stundum eru úrræði sett inn í stundatöflu nemenda í hættu.

Mæting nemenda og viðbrögð við fjarvistum er annað inngrip gegn brotthvarfi nemenda. Líkt og áður hefur komið fram hafa sumir skólar tekið til þess ráðs að ræða við nemendur um mætingarkerfið og hvernig fjarvistir geti haft áhrif á námið (FÍV, 2015; MK, 2014a). Í þessu sambandi kom fram hjá viðmælendum að fylgst sé með mætingarlistum og nemendur með miklar fjarvistir séu kallaðir til. Sumir endi á námssamningi um ákveðna mætingu til að halda skólavist. Sömu sögu var að finna á vefsíðunum (Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson, 2013).

5.4 Starfsumhverfi náms- og starfsráðgjafa

Þrátt fyrir að mikið sé gert sögðu viðmælendur mínir frá því að starfsumhverfi náms- og starfsráðgjafa væri ófullnægjandi og álagið mikið. Í því sambandi ræddu þeir um að það væri ekki nægilegur tími til að sinna þessu viðfangsefni sem skyldi. Í þessu samhengi kom fram á vefsíðunum að auka þyrfti náms- og starfsráðgjöf enda sé skimun fyrir brotthvarfi og tölulegar upplýsingar um brotthvarf viðbótarverkefni við núverandi vinnufyrirkomulag náms- og starfsráðgjafanna (Árný Elíasdóttir, Ásta Þorleifs-dóttir og Sveinborg Hafliðadóttir, 2014; FLENSBORG, 2014).

Þá nefndu viðmælendur mínir einnig að fjármagn vantaði til þess að ná betri árangri. Til dæmis var erkiumsjónarverkefnið sett af stað með hjálp Sprotasjóðs (FMOS, 2015). Í þeim efnum kom fram hjá hinu opinbera að mikilvægt væri að fjárveitingar til framhaldsskóla séu með þeim hætti að þær hvetji skóla til að sinna nemendum í brotthvarfshættu (Forsætisráðuneytið, 2012).

Hið opinbera hefur lagt til að byggð verði upp miðstöð náms- og starfsráðgjafar sem verði búin sérfræðipækkingu er varðar brotthvarf með áherslu á forvarnir. Jafnframt að ungt fólk hafi aðgang að ráðgjöf og upplýsingum um náms- og starfsmöguleika á sama staðnum. Þarna verði ráðgjafar miðstöðvarinnar tengdir við skólakerfi, sveitarfélög og atvinnulíf (Arnar Þorsteinsson o.fl., 2015; Forsætisráðuneytið, 2012).

6 Lokaorð

Þegar dregnar eru saman meginniðurstöður þessarar rannsóknar út frá rannsóknarspurningu er ljóst að talsvert er gert til að reyna að draga úr brotthvarfi þó að umfjöllun um brotthvarf sé ekki sýnileg í stefnum skólanna.

Að sumu leyti eru niðurstöður þessarar rannsóknar samhljóða fyrri rannsóknum á brotthvarfi, það er þegar kannaðar voru ástæður brotthvarfs úr námi. Aftur á móti sýnir þessi rannsókn hvað raunverulega er verið að gera í nokkrum framhaldsskólum. Þannig tel ég rannsóknina vera þýðingarmikla fyrir stjórnun og nýsköpun skólastarfs. Framhaldsskólar geta brugðist við og lagfært stefnumótun sína um brotthvarf og þeir skólar sem hingað til hafa ekki sinnt brotthvarfi sem skyldi geta nýtt sér þau úrræði sem hafa komið fram og þróað þannig skólastarfið. Þá er ekki síður mikilvægt að umræða um núverandi starfsumhverfi náms- og starfsráðgjafa hafi litið dagsins ljós til að vekja athygli á stöðu þeirra sem helst sinna brotthvarfi.

Takmarkanir þessarar rannsóknar eru einkum fólgnar í að vefsíðurnar voru misjafnar að gæðum og ef til vill uppfærðar síðan rannsóknin var gerð. Þannig sögðu þær ekki endilega allt um brotthvarf í skólunum. Því þótti nauðsynlegt að fá frekari upplýsingar innan skólanna um hvað raunverulega væri gert í þessum eignum. Þó að rætt hafi verið við fáa náms- og starfsráðgjafa innan íslenska framhaldsskólakerfisins tel ég að viss heildarmynd hafi fengist með rannsókn þessari.

Í framhaldi af þessari rannsókn væri fróðlegt að framkvæma aðra eins rannsókn innan fárra ára til að sjá hvort fleiri skólar hafi bætt brotthvarfi í stefnur sínar. Eins væri fróðlegt að sjá hvað stjórnvöld munu raunverulega gera á næstu misserum til að draga úr brotthvarfi í framhaldsskólum og hvort starfsumhverfi náms- og starfsráðgjafa batni.

Heimildaskrá

- Alexander, K. L. , Entwisle, D. R. og Horsey, C. S. (1997). From first grade forward: Early foundations of high school dropout. *Sociology of Education*, 70 (2), 87–107.
- Arnar Þorsteinsson, Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, Guðrún Birna Kjartansdóttir, Hanna Dóra Másdóttir, Helga Helgadóttir, Ketill G. Jósefsson og Margrét Linda Ásgrímsdóttir. (2015). *Grunnur að stefnu um náms- og starfsráðgjöf á Íslandi*. Sótt af http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodes/dominio/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/B2AE6DCBB0DC678200257ED7004F3F58/Attachment/stefn_nams_starfsradgj_.pdf
- Ágústa E. Ingbórsdóttir, Guðbjörg Vilhjálmsdóttir og Sigríður Bílddal. (2008–2009). *Skýrsla nefndar um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum sem úrræðis gegn brottfalli nemenda*. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/136/s/pdf/0353.pdf>
- Árný Elíasdóttir, Ásta Þorleifsdóttir og Sveinborg Hafliðadóttir. (2014). *Úttekt á starfsemi, Kvennaskólinn í Reykjavík, Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið 20. febrúar 2014*. Sótt af <http://kvenno.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=11165>
- Árný Elíasdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir og Sveinborg Hafliðadóttir. (2014). *Úttekt á starfsemi, Menntaskólans á Tröllaskaga, Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið 15. nóvember 2014*. Sótt af <http://www.mtr.is/static/files/Uttekt/u-769-ttekt-a-769-menntasko-769-lanum-a-769-tro-776-llaskaga-2014.pdf>
- Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson. (2011). *Menntaskóli Borgarfjarðar. Úttekt á starfsemi fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti*. Sótt af <http://www.menntaborg.is/wp-content/uploads/2011/05/Uttekt-a-starfsemi-MB-fyrir-mennta-og-menningarmalaraduneyti-2011.pdf>
- Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson. (2012). *Fjölbrautaskóli Vesturlands, Úttekt á starfsemi fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti*. Sótt af http://www.fva.is/attachments/article/407/uttekt_a_FVA_2012.pdf

- Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson. (2013). *Borgarholtsskóli, Úttekt á starfsemi unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti*. Sótt af [http://www.bhs.is/media/skyrslur/Borgarholtsskoli-Lokaskyrsla-\(2\).pdf](http://www.bhs.is/media/skyrslur/Borgarholtsskoli-Lokaskyrsla-(2).pdf)
- BHS = Borgarholtsskóli. (2012). *Stefnuskrá Borgarholtsskóla Janúar 2012*. Sótt af <http://bhs.is/media/namskra/Stefnuskra-BHS.pdf>
- Charmaz, K. (2006). *Constructing grounded theory. A practical guide through qualitative analysis*. London: Sage.
- De Witte, K. og Cabus, S. J. (2013). Dropout Prevention Measures in the Netherlands, an Explorative Evaluation. Sótt af <http://www.tandfonline.com/doi/abs/10.1080/00131911.2011.648172>
- Dynarski, M., Clarke, L., Cobb, B., Finn, J., Rumberger, R. og Smink, J. (2008). Dropout prevention. Sótt af http://ies.ed.gov/ncee/wwc/pdf/practice_guides/dp_pg_090308.pdf
- Englund, M. M., Egeland, B. og Collins, W. A. (2008). Exceptions to High School Dropout Predictions in a Low-Income Sample: Do Adults Make a Difference? Sótt af <http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC2749274/>
- Esterberg, K. (2002). *Qualitative Methods in Social Research*. Boston: McGraw-Hill Higher Education.
- European Commission. (2013). *Reducing early school leaving: Key messages and policy support. Final report of the thematic working group on early school leaving*. Sótt af http://www.aanvalopschooluitval.nl/userfiles/file/2014/esl-group-report_en.pdf
- FÁ = Fjölbrautaskólinn í Ármúla. (2014). *Sjálfsmatsskýrsla 2013-2014*. Sótt af <http://www.fa.is/ritstjorn/sjalfsmat/skyrsla2014.pdf>
- FSU = Fjölbrautaskóli Suðurlands. (2012). *Markmið*. Sótt af <http://fsu.is/index.php/markmid>
- FS = Fjölbrautaskóli Suðurnesja. (2014). *Ársskýrsla Fjölbrautaskóla Suðurnesja fyrir árið 2013*. Sótt af <http://fss.is/images/Skolinn/skyrslur/Arsskyrsla2013.pdf>
- FLENSBORG = Flensborgarskólinn í Hafnarfirði. (2014). *Ársskýrsla 2013*. Sótt af http://flensborg.is/resources/Files/1222_140228-arsskyrsla20133.pdf
- Forsætisráðuneytið. (2011). *Ísland 2020 - sókn fyrir atvinnulíf og samfélag. Þekking, sjálfbærni, velferð*. Sótt af <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/island2020.pdf>

- Forsætisráðuneytið. (2012). *Allir stundi nám og vinnu við sitt hæfi. Tillögur um samþættingu menntunar og atvinnu*. Sótt af <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/Menntahopur-tilloguskjal-121112.pdf>
- FAS = Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu. (2015). *Ársskýrsla 2014*. Sótt af http://www.fas.is/images/stories/skyrslur/fas_arsskyrsla_2014.pdf
- FL = Framhaldsskólinn á Laugum. (2014). *Ársskýrsla 2013*. Sótt af <http://www.laugar.is/images/stories/skrar/arsskyrsla-2013.pdf>
- FMOS = Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ. (2014). *Sjálfsmatsskýrsla 2013 – 2014*. Sótt af <http://www.fmos.is/sjalfsmat/sjalfsmatsskyrslur/>
- FMOS = Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ. (2015). *Ársskýrsla Framhaldsskólans í Mosfellsbæ fyrir 2014*. Sótt af <http://www.fmos.is/skolinn/arsskyrslur/nr/1441>
- FSH = Framhaldsskólinn á Húsavík. (2014). *Skólaskýrsla FSH 2013 - 2014*. Sótt af http://fsh.is/media/59373/sk%C3%B3lask%C3%BDrsla-fsh-2013-14-3-_1009169437.pdf
- FÍV = Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum. (2015). *Ársskýrsla 2014*. Sótt af http://fiv.is/Files/Skra_0070499.pdf
- Gerður G. Óskarsdóttir. (2012). *Skil skólastiga, frá leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldsskóla*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. (2015). *Efnahagsleg áhrif af styttingu framhaldsnáms*. Sótt af http://hhi.hi.is/sites/hhi.hi.is/files/C-Series/C15_03.pdf
- Hagstofa Íslands. (2004). *Brottfall nemenda úr framhaldsskólum 2002 – 2003*. Sótt af gamli.hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=954
- Hagstofa Íslands. (2011). *Brautskráningarhlutfall og brottfall af framhaldsskólastigi*. Sótt af <http://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/brautskraningarhlutfall-og-brottfall-af-framhaldsskolastigi/>
- Hagstofa Íslands. (e.d.). *Starfsfólk við kennslu eftir kyni, réttindum, starfsheiti, tegund og aðsetri skóla 1999-2012*. Sótt af <http://www.hagstofa.is/?PageID=2604ogsrc=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=SKO03301%26ti=Starfsf%F3lk+vi%F0+kennslu+eftir+kyni%2C+r%E9ttindum%2C+starfsheiti%2C+tegund+og+a%F0setri+sk%F3la++1999%2D2012%26path=../Database/skolamal/fsStarfsfolk/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

- Helga Jónsdóttir. (2003). Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók, í aðferðafræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum* (bls. 51-66). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Hrefna Pálsdóttir, Álfrói Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Birna Baldursdóttir, og Jón Sigfússon. (2010). Ungt fólk utan skóla 2009. Félagsleg staða 16-20 ára ungmenna á Íslandi sem ekki stunda nám við framhaldsskóla árið 2009. Reykjavík: Rannsóknir og greining.
- Janosz, M., Le Blanc, M., Boulerice, B. og Tremblay, R. E. (2000). Predicting Different Types of School Dropouts: A Typological Approach With Two Longitudinal Samples. *Journal of Educational Psychology*, 92, 171–190.
- Jón Bergsson og Guðrún Helga Sederholm. (2011). Úttekt á starfsemi *Fjölbrotaskólans við Ármúla október 2010 til janúar 2011, Skýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið*. Sótt af http://www.fa.is/ritstjorn/sjalfsmat/utt_fjolbrautask_armula_2011.pdf
- Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal. (2002). Ungt fólk og framhaldsskólinn. Rannsókn á námsgengi og afstöðu '75 árgangsins til náms. Reykjavík: Félagsvísindastofnun og Háskólaútgáfan.
- Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Sif Ægisdóttir. (2013). Óákveðni nemenda við námsval í framhaldsskóla og skuldbinding þeirra gagnvart námi og skóla. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2013/rannsoknir_og_skolastarf/005.pdf
- Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Anne-Christin Tannhäuser. (2011). Dropout in a small society: Is the Icelandic case somehow different? (S. Lamb, E. Markussen, R. Teese, og J. Polesel, Ritstj.) *School dropout and completion: International comparative studies in theory and policy*, 233-251.
- Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.
- Lög um framhaldsskóla 1988.
- Lög um framhaldsskóla 1996.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (e.d.). Stofnanir á sviði menningar- og menntamála. Sótt af <http://www.menntamalaraduneyti.is/stofnanir?kd=ollstfn=gsrod=heitifg=47tm=isl#fr>

- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2004). Aðalnámskrá framhaldsskóla. Almennur hluti. Sótt af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-framhaldsskola/>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2010). *Mótun stefnu um nám alla ævi. Þróun menntastefnu á Íslandi í evrópsku samhengi*. Sótt af http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf-namskrar/Motun_stefnu_um_nam_alla_aevi.pdf
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). Aðalnámskrá framhaldsskóla. Almennur hluti. Sótt af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-framhaldsskola/>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014a). Samantekt úr Education at a Glance 2014. Skýrsla OECD um menntatölfræði. Sótt af http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodes/domi no/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/1215B33470595C8F00257D550053AB3E/Attachment/samt_mrn_oecd_eag_2014.pdf
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014b). *Ný könnun á brotthvarfi úr framhaldsskólum*. Sótt af <http://menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/8006>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014c). *Hvítbók um umbætur í menntun*. Sótt af http://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir/Hvitbik_Umbaetur_i_menntun.pdf
- ME = Menntaskólinn á Egilsstöðum. (e.d.). *Jafnréttisáætlun Menntaskólans á Egilsstöðum*. Sótt af <http://me.is/images/stories/jafnrettisaaetlun.pdf>
- MH = Menntaskólinn við Hamrahlíð. (2013). *Sjálfsmatsskýrsla Menntaskólans við Hamrahlíð 2013*. Sótt af <http://www.mh.is/static/files/sjalfsmatsskyrsla-2013.pdf>
- MH = Menntaskólinn í Hamrahlíð. (2014). *Ársskýrsla fyrir Menntaskólann við Hamrahlíð fyrir árið 2013*. Sótt af <http://www.mh.is/static/files/arsskyrslamh2013.pdf>
- MÍ = Menntaskólinn á Ísafirði. (2013). *Sjálfsmatsskýrsla MÍ 2012-2013*. Sótt af <http://misa.is/skolinn/sjalfsmat/skra/230/>
- MÍ = Menntaskólinn á Ísafirði. (2015). *Ársskýrsla 2014*. Sótt af http://misa.is/skolinn/skrar_og_skjol/skra/309/
- MK = Menntaskólinn í Kópavogi (2014a). *Ársskýrsla 2014*. Sótt af http://mk.is/images/stories/skjol/arsskyrsla_2014.pdf

- MK = Menntaskólinn í Kópavogi. (2014b). *Sjálfsmatsskýrsla Menntaskólans í Kópavogi 2013-2014*. Sótt af http://mk.is/images/stories/skjol/sjalfsmatskyrsla_MK_2013-2014.pdf
- MR = Menntaskólinn í Reykjavík. (2015). *Ársskýrsla 2015*. Sótt af <http://www.mr.is/docs/skyrslur/Arsskyrsla2014.pdf>
- Námsmatsstofnun. (2015). *Brotthvarf úr framhaldsskólum. Haust 2014*. Sótt af <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=607EF923A00B4EEA00257E3D003DE75A&action=openDocument>
- OECD. (2012a). *Equity and Quality in Education. Supporting disadvantaged students and schools*. Sótt af <http://www.oecd.org/education/school/50293148.pdf>
- OECD. (2012b). *Towards a strategy to prevent dropout in Iceland, Preventing dropout in upper secondary schools in Iceland*. Sótt af <http://www.oecd.org/iceland/49451462.pdf>
- Rannsóknamiðstöð Íslands. (e.d.). Viðmið um vandaða starfshætti og siðferði í vísindum og rannsóknnum. Sótt af <http://rannis.is/media/79684/Vi%C3%B0mi%C3%B0um%20vanda%C3%B0a%20starfsh%C3%A6tti%20og%20si%C3%B0fer%C3%B0i%20%C3%AD%20v%C3%ADsindum%20og%20ranns%C3%B3knnum.pdf>
- Reglugerð um starfslið og skipulag framhaldsskóla 1100/2007.
- Rumberger, R. og Lim, Sun Ah. (2008). *Why Students Drop Out of School: A Review of 25 Years of Research*. Sótt af <http://www.slocounty.ca.gov/Assets/CSN/PDF/Flyer+-+Why+students+drop+out.pdf>
- Rumberger, R. W. (2011). *Dropping out. Why students drop out of high school and what can be done about it*. Cambridge: Harvard University Press.
- Sigrún Aðalbjarnadóttir og Kristjana Stella Blöndal (2005). *Brotthvarf ungmenna frá námi og uppeldisaðferðir foreldra: Langtímarannsókn. Tímarit um menntarannsóknir, 2, 11-23*.
- VMA = Verkmenntaskólinn á Akureyri. (2012). *Jafnréttisstefna*. Sótt af <http://www.vma.is/is/skolinn/stefnur-og-starfsaaetlanir/jafnrettisstefna>
- VMA = Verkmenntaskólinn á Akureyri. (2014). *Ársskýrsla VMA 2013*. Sótt af http://www.vma.is/static/files/arsskyrslur-vma/arsskyrsla_vma2013.pdf

- VA = Verkmenntaskóli Austurlands. (2014). *Sjálfsmatsskýrsla skólaárið 2013-2014*. Sótt af http://www.va.is/static/files/Haust2014/sjalfsmatsskyrsla_vor_2014.pdf
- TSA = Tækniskólinn skóli atvinnulífsins. (2012). *Sjálfsmatsskýrsla haust 2012*. Sótt af <http://www.tskoli.is/media/skjol/Sjalfsmatsskyrsla-haust-2012.pdf>
- VÍ = Verzlunarskóli Íslands. (2014). *Sjálfsmatsskýrsla Skólaárið 2013-2014*. Sótt af http://www.verslo.is/media/sjalfsmat/Sjalfsmatsskyrsla_H2014.pdf
- Þingskjal nr. 320/2007–2008. Frumvarp til laga um framhaldsskóla.
- Þingskjal nr. 429/2015–2016. Svar mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Oddnýju G. Harðardóttur um fjölda nemenda í framhaldsskólum.

Viðauki 1: Viðtalsrammi við þátttakendur

1. Hve lengi hefur þú starfað sem náms- og starfsráðgjafi? Og hvað lengi í framhaldsskólum?

2. Hvað ýtir helst undir að nemendur hverfa frá námi samkvæmt þinni reynslu?

- er það í fari unglingsins, í einkennum fjölskyldunnar, í einkennum skólans og/eða í einkennum samfélagsins sem dregur úr eða ýtir undir brotthvarf?

3. Hvað í þínu starfi snýr að því að draga úr brotthvarfi eða styðja við nemendur í brotthvarfshættu?

4. Færð þú stuðning annarra starfsmanna, það er stjórnenda og kennara, til að takast á við nemendur í brotthvarfshættu?

5. Er markviss vinna í skólanum til að draga úr brotthvarfi?

- skráð/ekki skráð

- áhersla á hvað? (benda á sumt sem ég veit núþegar út frá vefsíðunum)

- hvað reynist best?

- skimunin?

6. Hver er árangur umsjónarkerfisins og því að draga úr brotthvarfi?

7. Heldur þú að breytingarnar sem eru framundan á framhaldsskólastiginu muni draga úr brotthvarfi, auka brotthvarf eða að það standi í stað?

Viðauki 2: Kynningarbréf til skólameistara

Komdu sæl/!

Tilgangur þessa tölvupósts er rannsókn sem ég er að vinna vegna M.Ed.-lokaverkefnis við Háskóla Íslands í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á leiðtoga, nýsköpun og stjórnun.

Viðfangsefni rannsóknarinnar er fólgið í að rannsaka aðgerðir framhaldsskóla gagnvart brotthvarfi. Ég rannsaka annars vegar stefnu skóla eins og hún birtist á vefsíðum þeirra; hins vegar er ætlunin að taka viðtöl við náms- og starfsráðgjafa í örfáum framhaldsskólum hér á landi. Ég ætla að reyna að taka þessi viðtöl á næstu dögum og vikum. Rannsóknarspurning verksins er: Hver er stefna íslenskra framhaldsskóla gegn brotthvarfi og hvaða úrræði eru til staðar?

Ég hef áhuga á að fá að taka viðtal við náms- og starfsráðgjafa í þínum skóla og þætti vænt um ef þú gætir gefið mér samþykki fyrir því og að koma mér í samband við þann náms- og starfsráðgjafa skólans sem best er fallinn til að sinna téðu erindi.

Ég tek skýrt fram að ég mun hvorki birta nafn skólans né viðmælandans og að úrvinnslu lokinni verður persónulegum skjölum og hljóðskráum eytt.

Leiðbeinendur mínir eru Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor við Kennaradeild og Kristjana Stella Blöndal lektor við Félags- og mannvísindadeild. Ég lauk prófi til kennsluréttinda frá HÍ árið 2011 og hef undanfarið starfað sem kennari við Menntaskólann í Kópavogi.

Mér þætti vænt um að heyra frá þér sem fyrst.

Með fyrirfram þökk og bestu kveðjur,

Ólafur Hilmarsson.

olh6@hi.is